

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1941



REKJAVÍK - MCHMÚ — ÍSAPPLÖGAFRENSKUNINGA GJAF.

Timburverzlunin

Völundur h.f.

Reykjavík

hefur venjulega fyrirleggandi:

allt sveigjalegt timbur
gæðisgætt stál,
vélhvítu,
kornalista (grykti),
löfflistu,
krass spén,
negun-pinn,
lask,
regguláfar,
súna,
bolþoppa.

Fra fræsmiðja félagsins læst venjulegar afgreið-

gleggar,
húðir,
margskotað listar,
hrlúnaðar,
hrilúnað,
sil.

Stærsta timburverzlun og fræsmiðja landsins.

Símanúmer: Vöfundur.

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1941

Efnisyfirlit:

Steindór Steindórsson : Gróðrarrannsóknir í Þjórsárdal	bls. 5
Hákon Bjarnason: Úr stöð Skógræktarfélagsins í Fossvogi	35
Hákon Bjarnason: Störf Skógræktar ríkisins árið 1940 og stutt yfirlit yfir framkvæmdir s. l. 5 ár	36
Hákon Bjarnason: Uppblástur í Landsveit á síðustu öld ..	42
Úthlutun ríkisstyrkja	45
Smávegis	53
M. Júl. Magnús: Sigurður Sigurðsson fyrrv. búnaðarm.stj.	56
M. Júl. Magnús: Tveir sjóðir	58
M. Júl. Magnús: Félagsstarfsemin 1940	61
Skýrslur um störf skógræktarfélaga :	
1. Skýrsla Skógræktarfélags Árnesinga	66
2. Ársskýrsla Skógræktarfélags Skagfirðinga	67
3. Reikningur Skógræktarfélags Skagfirðinga	68
4. Efnahagsreikningur Skógræktarfélags Skagfirðinga	69
5. Ársskýrsla Skógræktarfélags Borgfirðinga	70
6. Reikningur Skógræktarfélags Borgfirðinga	70
7. Skýrsla Skógræktarfélags Austurlands	71
8. Skýrsla Skógræktarfélags Eyfirðinga	71
9. Rekstursreikningur Skógræktarfélags Eyfirðinga.....	72
10. Varasjóður Skógræktarfélags Eyfirðinga	73
11. Rekstrarreikningur Skógræktarfélag Íslands 1940	75
12. Bæjarstaðaskóður : Rekstrarreikningur 1940	76
13. Rauðvatnsstöðin : Rekstrarreikningur 1940	76
14. Minningarsjóður Guðm. Sigurðssonar frá Ökrum: Rekstrarreikningur 1940	77
15. Minningarsjóður Jóns Mýrdal: Rekstrarreikningur	77
16. Skógræktarfélag Íslands: Efnahagsreikningur 31. des. 1940	78

Steindór Steindórsson frá Hlöðum:

Gróðurrannsóknir í Þjórsárdal I.

INNGANGUR

Fáar eyðibýggðir landsins hafa sætt jafnmiklu umtali og Þjórsárdalur. Það má því vera, að einhverjum þyki það vera að bera í bakkafullan lækinn, að hefja hér nýjan greinaflokk um hann, en þó hefir hans að litlu verið enn getið frá því sjónarmiði, sem hér er um að ræða. Fæst af því, sem um hann hefir verið skráð, fjallar um þann gróður, sem enn er í dalnum, heldur hefir umtalið snúizt um hin furðulegu örlög þessarar byggðar, hversu hún hefir eyðzt, og landið verið rúið gróðurklæðum sínum, og hverjar minjar þar er að finna um forna tíma geymdar undir sandi og vikri. Flestum, sem um Þjórsárdal fara, finnst að vonum mest til um auðn hans, en því má þó ekki gleyma, að hann á einnig til angandi skógarkjör og skínandi blómabrekkur, auk allra þeirra smávöxnu plantna, sem stöðugt heyja lífsbaráttu á hinum nöktu söndum og vikrum. Það er þessari hlið dalsins, sem ég hefi hugsað mér að lýsa, en ekki hinni skínandi náttúrufegurð hans, sem árlega laðar til sín stórhópa ferðamanna, né hinum merkilegu fornminjum, er hann geymir.

Það er þó ekki víst, að ég hefði ráðizt í að rannsaka gróður dalsins, ef ekki hefði svo viljað til, að hann var tekinn til algerðrar friðunar nú fyrir skemmstu. Friðun Þjórsárdals er eitthvert djarfasta fyrirtækið, sem framkvæmt hefir verið á voru landi í því skyni, að vinna land

undan eyðingaröflum þeim, sem herja á landsgæðin. Fyrirtæki þetta miðar að því tvennu, að vernda það, sem enn er óeytt, einkum skógargróðurinn, og gefa náttúrunni sjálfri færi á að græða sár þau, sem landinu hafa veitt verið fyrir áhrif æðisgenginna náttúruaflla og forsjárleysi manna. Það þarf bæði mikla trú á gæði landsins og þekkingargrundvöll, til þess að ráðast í slíkt fyrirtæki, en sem betur fer skorti forgöngumenn þess ekki stórhug til slíks, en á miklu veltur, að það heppnist vel, svo að af því drjúpi síðar önnur í sama stíl, því að nógar eru auðnirnar, sem græða þarf, og verðmætin, sem njóta þurfa verndar, ef þau eiga ekki að kastast á glæ. En hvernig gróðurinn hagar sér við hið nýja landnám er hvorttveggja í senn girnilegt til fræðilegra athugana og hefir hagnýtt gildi, og því var það, sem ég réðst í að hefja gróðurkönnun dalsins, eða réttara sagt hins friðaða hluta hans.

Viðfangsefni gróðurrannsóknar á Þjórsárdal er þríþætt. Í fyrsta lagi þarf að grandskoða gróður þann, sem nú er, þ. e. skilgreina þau gróðurlendi og gróðurhverfi, sem þar er að finna, lýsa tegundasamsetningu þeirra, legu og útbreiðslu, jafnframt því sem gert yrði yfirlit um flóru dalsins. Með þessu á að skapa grundvöll undir framhaldsskoðun hans og rannsókn þeirra gróðurbreytinga, sem smám saman verða eftir að landið er friðað, en slík framhaldsrannsókn er annar þátturinn, og sá, sem ef til vill er vænlegastur til fróðleiks um sköpun og líf gróðurlenda almennt á landi voru, og einkum þann þátt, er hnígur að eyðingu og endursköpun gróðurlendis í sambandi við sandfok og uppblástur, sem svo mjög orkar á allan gróður á víðlendum svæðum landsins. Í þriðja lagi þyrfti að rannsaka skógarleifarnar skógfræðilega og fylgjast með þróun þeirra ár frá ári.

Síðastliðið sumar hóf ég rannsókn þessa. Dvaldi ég þá nokkurn tíma í ágústmánuði í Þjórsárdal. Ég hafði þá þegar hugsað mér að skipta dalnum í þrjú rannsóknarsvæði. Innsta svæðið er Fossárdalurinn og svæðið milli

Stangarfjalls og Þjórsár niður á móts við innri brún Skeljafells. Þetta svæði er í flórulistanum kennt við Stöng. Annað svæðið er þar fyrir neðan milli Fossár og Þjórsár. Búrfell og umhverfi þess er aðalhluti þess og það því kennt við Búrfell. Þriðja svæðið er allt landið vestan Fossár og heim að girðingu. Aðalgróðurlendi þess svæðis liggur heima undir bænum Skriðufelli og er það svæði kennt við bæinn. Ótíð og ýmis smáóhöpp ollu því, að ég fékk ekki lokið frumskoðun minni á dalnum nema að nokkru leyti, enda tekur hún alllangan tíma. Samt fór ég um mestallt svæðið nema Búrfellshlutann, hann fór ég lítið um og aðeins eina snöggva ferð. Ekkert gróðurlendi skoðaði ég til þeirrar hlítar, að ég geti gert þess grein að þessu sinni, nema sandana, enda lá það fyrst fyrir, því að þar mátti fyrst búast við breytingu á gróðri, jafnshjótt og þeir fengju frið fyrir ágangi búfjár. Ritgerð þessi verður því að skoðast sem inngangur að fullkomnari gróðurlýsingu Þjórsárdals, sem ég vonast eftir að geta gengið frá síðar, að loknum nánari rannsóknum.

I. GRÓÐURFAR ÞJÓRSÁRDALS. YFIRLIT.

Í Ársriti Skógræktarfélagsins 1937 er stuttorð lýsing á landfræði Þjórsárdals. Til lýsingar þeirrar vísa ég hér um staðhætti og örnefni þau, sem hér koma fyrir. Ennfremur kosts þess, sem ritgerð þessari fylgir. Það skal þegar tekið fram, að í yfirliti þessu er aðeins rætt um það svæði, sem liggur innan skógræktargirðingarinnar, sem gerð var sumarið 1938. Þó að ég lýsi gróðrinum sem frumgróðri, þ. e. a. s. gróðri eins og hann var áður en friðun hófst, er vert að minnast þess, að hann hafði þegar notið friðunar í tvö ár.

Langmestur hluti hins girta svæðis eru gróðurlitlir eða gróðurlausir sandar. Þau svæði, sem þakin eru samfelldum gróðri, eru nær eingöngu meðfram og í fjallahlíðum auk nokkurra gróðurbletta á sléttunni fram með Fossá. Þó hefir ekki skapazt samfellt gróðurlendi með endilangri



Grenitré í Mörkinni á Hallormsstað.

K. O. B.

sem rennur þar fram með hlíðinni, átt í því þátt. Niður í ánni. Í þessum þætti vil ég gera stutt yfirlit um gróður hins algróna lands, tel ég það eðlilegan inngang hinna nákvæmari gróðurlýsinga, sem á eftir fara. Yfirlit þetta hefst neðst í dalnum norðanverðum í kringum Skriðufell.

Skammt innan við girðinguna stendur bærinn Skriðufell undir allháu samnefndu felli. Nokkru innar skagar hið einkennilega fagra fell Dímon fram úr fjallshlíðinni. Lítinn vafa tel ég á því, að skjól það, er Dímon veitir þar uppi við hlíðina, eigi verulegan þátt í því að gróður hefir ekki eyðzt í nágrenni Skriðufells, en einnig hefir Sandá,

Sandá fellur Hvammsá. Milli þeirra eru ásar nokkrir, sumir blásnir, en aðrir skógi klæddir. Kunnastur þeirra er Vatnsás.

Milli áa þessara og inn undir Dímon er land að mestu gróið, þegar frá eru taldar klettabrúnir í fellinu og skriður, sem undan þeim hafa fallið. Þó hafa ásarnir niður undan Skriðufellsbænum blásið nokkuð, þar sem mest var áveðra, og er sennilegt að meir hefði kveðið þar að landspjöllum, ef ekki hefði verið vel búið að skógi þeim, sem þar er í kring, síðustu áratugina. Skal nú gróðri þessa svæðis lýst stuttlega.

Mestur hluti þessa lands er vaxinn skógi, en mjög er misjafnt háttað um vöxt hans og þroska, en alls staðar má kalla að hann sé svo þéttur, að ógreiðfært er um hann, og víðast er hann margstofna og kræklóttur. Einna hávaxnastur er hann í Vatnsási, en fegurst er kjarrið og þroskamest í Selhöfðum innar með fjallinu, enda hefir það notið sérstakrar umönnunar um alllangt skeið, og þar mæðir minna á því sandrok og vindur, er blæs innan dalinn. Þegar kemur inn undir Dímon taka skógartorfurnar mjög að gisna, unz þær hverfa með öllu inni með fjallinu. Lýsing á skóginum gef ég enga hér, því að hún er fremur verk skógræðings en grasafæðings.

Hvarvetna er skógsvörðurinn gróinn, þótt mjög sé sá gróður misjafn eftir því, hve hátt og þétt kjarrið er. Í svarðgróðrinum ber víðast mest á grösum, a. m. k. í neðanverðum hlíðum. Þessar tegundir eru algengastar í ásunum niður frá Skriðufelli : *hálíngresi*, *ilmreyr*, *runnasveifgras*, *vallarsveifgras*, *klóelfting*, *krossmaðra* og sums staðar *jarðarber* og *hrútaber*. Víðast hvar er gróður þessi gisinn og mosi mikill í rót. Sýnilegt er, að hann mundi sáralítið viðnám veita uppblæstri, ef skógurinn hyrfi. Í Selhöfðum er svarðgróðurinn með líkum hætti, þó eru smárunnar þar meira áberandi, t. d. er þar víða mikill *gulvíðir*, en *bláberjalyngs* gætir og nokkuð; einnig ber þar meira á *vallelfingu*, *gulmöðru*, *bugðupunt* og *stinnustör*

en niðri á ásunum, enda þótt þær tegundir sé einnig þar að finna. Svo virðist sem allur gróður og einnig jarðvegur sé þéttari í skógsverðinum þar inn með hlíðinni heldur en frammi á ásunum.

Inni á milli skógarkjarsins eru vallendisbrekkur, bollar og grundir. Þau gróðurlendi eru að mestu leyti vaxin sömu tegundum og skógsvörðurinn. Þó ber þar víða nokkuð á *þursaskeggi*, og *stinnustör* er þar meiri en í skógsverðinum, og runnasveifgras vantar. Enda þótt þursaskeggið sé móaplanta, er þó ekki um nokkurn eiginlegan móagróður þarna að ræða. Nokkur mýrasund eru einnig niður með ásunum, þar eru drottnandi tegundir *mýrastör* og *mýrelfting*. Skammt innan við Skriðufellstún er og allstórt mýrarsund. Eins og þegar er getið eru nokkrir uppblástursgeirar á ásunum milli skógartorfanna. Í flögum þeim, er þannig hafa skapast, er víða allmikil mold og nokkur gróður, þótt bæði sé hann strjáll og margar plönturnar svo smávaxnar, að bregða verður sér á hnén til að sjá þær. Tegundir þær, sem mest ber á í flögum þessum, eru *haugarfi*, *varpasveifgras*, *naflagras* og *krossgras*, en auk þeirra strjálir einstaklingar af *klóelftingu*, *lambaklukku*, *vegarfa*, *skriðlíngrasi* o. fl. Athyglisvert er, að hér er langmest um einærar tegundir að ræða. Sums staðar í þessum blásnu geirum er nýgróður byrjaður. Athugaði ég einn slíkan geira, sem var algrænn að sjá tilsýndar. Aðaltegundin þar var *klóelfting*, sem gersamlega þakti gróðursvörðinn, en ásamt henni óx þar nokkuð af *skriðlíngrasi*, *vallarsveifgrasi*, *túnvingli*, *hálíngrasi*, *krossmöðru* o. fl. tegundum. Líklegt er, að elftingunni hafi tekizt að binda sandinn og síðan færist hinn annar gróður í aukana í skjóli hennar. Má telja líklegt, að grösin verði brátt einráð á þessu svæði jafnframt því sem elftingin færist lengra áleiðis inn á sandsvæðið. Er þetta greinilegt víða þar, sem sandur er nokkuð moldarblandinn, hins vegar á elftingin örðugara uppdráttar, ef sandurinn er hreinn.

Inn með Skriðufelli eru allvíða vallendisbrekkur, og

allstór gróðurtorfa, Hallslaut, er austan Sandár fram með ánni. Að torfu þessari liggja háir rofbakkar, er gefa til kynna hversu jarðvegur hefir verið hér þykkur áður en uppblásturinn hófst.

Þegar kemur inn fyrir Dímon fylgir girðingin ekki lengur fjallabrúnum, heldur beygir hún niður á sandflesjurnar austan Reykholts og inn með því og síðan inn eftir Rauðukömbum og upp á vesturbrún Fossárdals allt að Háafossi. Svæðið milli girðingarinnar og Fossár og raunar allt láglandi er samfelld auðn með strjálum sandgróðri, er síðar verður lýst. Reykholt og Rauðukambar eru einnig að mestu gróðurlaus. Meðfram Fossá eru að vísu nokkrir gróðurblettir, eins og fyrr getur, og í hólma við Hjálparfoss er snoturt kjarr. Inni í Fossárdal er nokkur gróður, vallendis- og mólendisbrekkur ásamt mosapembum.

Austan að Fossárdal liggur Stangarfjall. Girðingin liggur þvert yfir fjallið frá Háafossi og niður hjá Hólaskógum, en þaðan skáhalt yfir sandflesjur inn á Sandafell og síðan fram að Þjórsá um mitt fellið. Milli Sandafells, Þjórsár og Stangarfjalls er víðlend sandauðn allt niður undir Búrfell. Eftir því, sem heimildir herma, hefir þarna verið víða skógi vaxið fyrrum. Fram af Stangarfjalli gengur fjallarani mishár. Næst því er Skeljafell, en Búrfell, sem er allmiklu hæst þessara fjalla, skagar lengst til suðurs. Milli fjallanna eru skörð eða dældir. Fjallarani þessi skapar austurtakmörk Þjórsárdals. Í fjöllum þessum öllum er nokkur gróður, sem haldið hefir velli, af því að fjöllin hafa skýlt fyrir næðingum og hinn fastari grundvöllur, sem víðast gægist fram, hefir ekki náð að blása brott. Þessum gróðri skal nú lauslega lýst.

Mestur er gróðurinn og samfelldastur í Stangarfjalli. Má það heita gróið að miklu leyti. Í hlíðum þeim, sem að Þjórsárdal snúa, eru þursaskeggsbrekkur algengasta gróðurlendið. Gróðurlendi þetta er eins konar mólendi, en er ætíð þúfnalaust og liggur aðallega í brekkum og hlíðum. Gróðurlendi þetta er algengt á þúrlendi sunnanlands og



Í Gatnaskógi á Hallormsstað.

K. O. B.

virðist fylgja mjög hinum þykku ösku- og vikurborna jarðvegi þar syðra. Innan um þursaskeggið, sem hvarvetna gefur gróðurlendinu svip, vaxa *móasef*, *loðvíðir*, *stinnastör*, *krækilyng*, *týtulíngresi* og ýmsar fleiri tegundir bæði grasa og blómjurta. Hins vegar gætir runnplantnanna ætíð lítið, en mosi mikill er í rót, svo að sums staðar nálgast mosapembu. Í Stangarfjalli kemur það skýrt í ljós, að grá-mosapembur skapast hvarvetna í brekkum, þar sem mest er áveðra, ef landið blæs ekki niður í mel. Mætti segja, að þessi þrjú gróðurlendi : þursaskeggsbrekka, mosapemba og melur, sýni mismunandi stig þess, hversu mikils skjóls

gróðurinn nýtur og hve þurr jarðvegurinn sé: Milli gróðurlenda þessara hittast ýms millistig, og yfirleitt eru öll mörk milli gróðurlenda og gróðurhverfa næsta óskýr. Mun það sennilega stafa af því, að hér hafa gróðurlendin sífellt verið að hverfa og skapast á ný, en þá ná plönturnar ekki að skapa jafn skýr félög og þar sem gróðurlendin fá að vera í friði tímunum saman. Melar í hlíðum Stangarfjalls eru víða nokkuð grónir, en gróður flestra þeirra er með sama svip og sandagróðurinn, nema að fjallaplantna gætir hér meira, sem vænta má. Í dældum, þar sem snjór liggur lengi, er *maríustakkur* víða aðaltegundin.

Uppi á innanverðu Stangarfjalli við girðinguna eru allvíðlend mýrasvæði, sem þó munu þorna að mestu eða öllu í þurrkatíð. Aðaltegund þar er *stinnastör*, en *hengistör*, *klófffa* og *grasvíðir* vaxa þar einnig. Grámosi er víðast í þúfum. Mýrlendi þessi bera þannig í einu svip bæði mýra og mosabembu. Eru slík mýrlendi algeng um neðanverðan Gnúpverjafrétt. Vallendisbrekkur eru þarna einnig með *língresi* og *vinglum*. Í lækjardrögum á innanverður fjallinu eru snjóældir, en í þeim vaxa báðar *ffutegundirnar* íslenzku, *hrafkastör*, *rjúpnalauf*, *lækjafræhyrna* o. fl. tegundir, þó að þessar séu mest áberandi.

Í Sandfelli ber mest á þursaskeggsbrekkunum. En meira vex þar af *loðvíði* en víðast í Stangarfjalli. Þar sáust þegar glögg merki friðunarinnar í því, hversu allur gróður var hærri og þroskalegri innan girðingar en utan. Mestu munaði þó á loðvíðinum. Innan girðingar var að skjóta upp snotrum smárunnum, en utan hennar náði hann hvergi að vaxa úr grasi. Voru runnarnir nú orðnir 20-40 sm háir.

Sunnan og austan undir Stangarfelli, í lægðinni milli þess og Skeljafells, er Gjáin, örskammt frá bæjarrústunum í Stöng. Gjáin er sakir náttúruvegurðar einna mest heimsótti staðurinn í Þjórsárdal. Hún er gömul hraunsprungu, sem Rauðá rennur um, og fellur hún ofan í hana í undurfögnum fossi. Í Gjánni er gróður allur bæði há-

vaxinn og þroskalegur í hvívetna, enda nýtur hann þar bæði skjóls og raka. Mjög ber þar á *undafflum* og *sóleyjum*, *vallarsúrur* verða þar um 75 sm háar, *hrútaberjalyng* er þar einnig stórvaxið auk margra annarra tegunda, t. d. *baunagras*, *eski* o. fl. Framan í klettum í gjárbotninum þar, sem vatn seitlar um, eru breiður stórvaxinnar *lindadúnurtar*, minnst ég ekki að hafa séð hana annars staðar svo stórvaxna, þar vex einnig *klappadúnurt*. Víða eru *einirunnar*. Í vestri gjábarminum eru *beitilyngslautir* og *lyngbrekkur*. *Björk* vex þar nokkur, en víðast kræklótt og lítills vaxtar. Hins vegar mun skjólið í Gjánni veita þeim góð fræþroskunarskilyrði, því að á börmum hennar, einkum Stangarmegin er nú krökt af kímplöntum, og verður þeirra vart alla leið heim undir Stöng. Í gróðurskoðun, er ég gerði í lítilli beitylyngslaut í gjábarminum komu kímplöntur af birki fyrir í 4 hringum af 10, sem gerðir voru á örliðu svæði. Hver hringur markar einn tífunda m². Þessi nýgræðingur spáir góðu um framtíð Þjórsárdals.

Austur af Gjánni á hálsunum inn af Skeljafelli eru nokkrar gróðurtorfur, sem enn bjóða uppblæstrinum byrginn. Torfur þessar liggja aðallega í brekkum, er vita gegn vestri. Heita þarna Gjáskógar. Aðalgróður þessara torfna er þursaskeggshverfi, líkt og fyrir er lýst, en meira ber þar þó á *loðvíði* og *krækilyngi* en í Stangarfjalli. Dálítið *birki*-kjarr er þarna. Mjög er það kræklótt og þanþroska, nær það manni víðast í hné eða jafnvel í mitt læri, en einstakar hríslur hittast þó mannhæðarháar eða meira allt að 2 ¼ m á hæð. Kjarr þetta er víðast svo þétt, að það er illt umferðar, og svarðgróður þess er lítill og gisinn. Helztu tegundir þar eru *hálíngresi*, *klóelfting*, *kornsúra* og *túnvingull*. Trúlegt er, að torfur þessar fái haldið velli nú, þegar landið hefir verið friðað, en hitt er vafasamt, hvort kjarr þetta geti nokkru sinni orðið að skógi, svo kræklótt er það og kyrkingslegt. Virðist mér það muni vera hið

kræklóttá bjarkarafbrigði, *Betula tortuosa*. Þegar lengra dregur austur á ásana, eru þeir gróðurlausir að kalla.

Hið þriðja megingróðursvæði í dalnum er í Búrfelli. Þar eru þursaskeggsbrekkur og mosapembur eins og fyrr er lýst, en mest um vert er skógarkjarr það, sem er í fellinu sunnan- og austanverðu, einkum þó í Búrfellshálsi, lágum ásrana, sem skagar suður úr fellinu. Að þessu sinni fékk ég ekki skoðað gróður þennan að nokkru gagni, en það sem ég sá af honum, virtist þroskamikið og vænlegt til framfara. Í svarðgróðrinum ber mikið á alls konar runnum, enda er undirlagið þarna neðan til hraun, en ekki hinn þykki öskujarðvegur. Ein aðaltegundin er *sortulyng*, og hvarvetna vex *baunagrás* í stórum breiðum. Milli fellsins og Þjórsár er dálítill undirlendisræma, þar eru einkennilegar hrauneyjar, sem áin hefir einhvern tíma í fyrndinni skolast um, en nú er ýmist þurrt á milli eyjanna eða um þær leika bergvatnaskvíslir, sem spretta fram undan fellinu. Eyjar þessar eru skógi vaxnar, og er skógsvörðurinn prýddur alls konar skróðjurtum. En mesta athygli vekur þó birkinýgræðingur sá, sem hvarvetna er að vaxa þarna upp, þar sem rúm er fyrir hann. Sums staðar skapar nýgræðingur þessi allstórar breiður, sem mest líkjast uppeldisbeðum í trjáræktarstöð. Nýgræður þessar sanna tvennt, bæði að fræþroskun er þarna mikil, og fræið gætt miklu grómagni, en einnig að björkin sé þarna skjót til vaxtar, ef hún aðeins fær næði. Gefur þetta ekki síður en nýgræðingurinn við Gjána góðar vonir um, að skógargróður verði fljótur á legg í Þjórsárdal, nú þegar dalurinn er alfríðaður.

Þá hefi ég lýst lauslega gróðursvæðum dalsins, en geta ber þess, að mjög ná gróðursvæði þessi yfir lítinn hluta hins fríðaða svæðis, sem talið er nema 13500 hektörum.

II. SANDARNIR

Eins og þegar er fram tekið, er lang mestur hluti Þjórsárdals auðir sandar og vikrar. Ekki eru þeir þó með öllu gróðurlausir, heldur vaxa þar strjalar sandplöntur hingað og þangað. Fáeinir gróðurblettir eru þar til, einkum þar, sem raka gætir.

Söndunum er nokkuð misjafnt háttað. Langmestur hluti þeirra er gamalt hraun, sem mjög er sandorpið, standa hraunnybbur hvarvetna upp úr sandinum, og um yfirborðið er dreift hraunmolum. Þannig er mestur hluti sandanna milli Sandár og Fossár og inn undir Dímon. Þar fyrir innan, vestan Fossár, eru víða blandið ársandi og ursandar, en meðfram ánni er víða blandið ársandi og leir. Undir Búrfelli og Skeljafelli ber mest á fíngerðum vikur- og foksandi, sem víða er mjög laus og ógróinn með öllu. Á flatlendinu milli Stangarfjalls og Þjórsár skiptast á hraun- og vikursandar, en allvíða eru þeir blandnir ársandi, því að árnar Rauða og Þjórsá flæða þar yfir allstór svæði í vatnavöxtum.

Nokkuð er gróðri misjafnt háttað á söndum þessum eftir því hvernig þeir eru. Þar sem árleir er eða einhver deigla er í sandinum er gróður oft allþéttur. Í hraunsandinum, þar sem nokkurs skjóls nýtur, er og nokkur gróður, en í hinum fína vikursandi er víða algerlega gróðurlaust. Einkum eru líparítvikurskaflar oft fullkomin ördeyða.

Skal nú lýst árangrinum af skoðun minni á sandinum. Aðferð mín var með þeim hætti, að auk þess, sem ég leit almennt eftir gróði sandanna, hvar sem leið mín lá um þá, þá tók ég til nákvæmrar skoðunar nokkra smábletti, sem ég merkti með vörðum. Hver blettur var sem næst 100 m². Blettina valdi ég þannig, að þeir liggja í röðum þvert yfir sandana. Raðir þessar eða belti eru hér eftir einkennnd með rómverskum tölum. Í hverri röð eru 5 blettir og eru þeir taldir frá vestri til austurs. I belti er undan kofanum í Hólaskógi og austur í Þjórsá. II er frá Gjánni austur yfir ásana að Þjórsá. III er undan innra horni

Skeljafells að Fossá. IV liggur sunnanvert við veginn að Hjálpi milli Sandár og Fossár og V er milli Sandár og Fossár, þar sem hæst ber í Sölmundarholt. Í hverjum bletti gerði ég síðan athugun eftir aðferð Raunkiærs, þannig að merktir eru 10 próffletir, hver $1/10 \text{ m}^2$, og taldar tegundir, sem finnast í þeim. Tegund, sem finnst í þeim öllum, fær síðan í töflunni tíðnistöluna 100, sú, sem er í 9 reitum, hefir tíðni 90 o. s. frv. Auk þess leit ég vandlega eftir hverjar tegundir myndu á blettunum utan þessara 10 hringflata.

Tafla I A sýnir hverjar tegundir vaxa á sandsvæðunum og tíðni þeirra á hinum fyrrnefndu blettum. Hver dálkur sýnir hvernig gróðri er háttáð í hverjum einstökum reit, þannig að 1, 6, 11 o. s. frv. eru vestustu fletirnir í beltunum. Skal nú vikið nánar að þessum gróðurblettum. I er sem fyrr segir belti undan Hólaskógum. Algengasta tegundin er hér *klóelfting*. Einkum er hún þó áberandi í þremur vestustu reitunum, en þar er alls staðar fremur fingerður sandur, nokkuð leirblandinn, enda munu ár skolast þar yfir í flóðum. 4 er laus foksandur, en 5 er all grýttur hraunsandur. Þar er gróðurinn þéttastur, enda er þar víða skjól við steina. Í belti II er *skriðlíngresi* algengasta tegundin, *klóelfting* er þar og allvíða og í sumum reitunum er *blóðberg* einnig drottandi tegund. Ber sá gróður meira svip mels en sands. Í reit 7 fannst ekki ein einasta planta, blettur sá liggur á vikurskafla, en slíkir skaflar eru víða í ásunum vestur frá Gjánni. Fróðlegt verður að sjá hvort nokkur gróður nemur land á þessum bletti á næstu árum. Í beltum III-V er *túnvingull* víðast aðaltegundin, þó eru *klóelfting* og *skriðlíngresi* einnig alltíð, einkum hin fyrrnefnda. *Blóðbergs*, *geldingahnapps* og *holurtar* gætir og nokkuð ásamt fleirum sand- og melaplöntum eins og taflan sýnir. Varla verður þó séð, að ólíkur gróður á þessum blettum eigi rót að rekja til mismunandi skilyrða. Þau eru í þessum þremur beltum víðast lík, þó gætir hraunsins næstum ekki í belti IV, en þar er fingerður, þéttur mel-

Table 7. A. 1947.
 A. I. %; II. %; III. %

	Group No.	I. belt					6	7
		1	2	3	4	5		
Siddlingrad, <i>Agrostis arvensis</i>	H B	40	40			20	40	
Tovsingall, <i>Phalaris arvensis</i>	H B	30	10	30		30	20	
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	C B	100	50	60	70	30		
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	C B		10	10	10	20	70	
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	C B	10	10			50		
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	C B		20	40	50		20	
Lamagna, <i>S. arvensis</i>	C B					30	30	
Nackströmland, <i>Agrostis arvensis</i>	C B	20	30	50	30		40	
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	C B			10		30	X	
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	C B	20	20	30	20			
Björns, <i>Agrostis arvensis</i>	C B				X		X	
Åkers, <i>Agrostis arvensis</i>	H A		X					
Möckel, <i>Agrostis arvensis</i>	H A							
Möckel, <i>Agrostis arvensis</i>	C B	60	10					
Stegård, <i>Agrostis arvensis</i>	C B		X					
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	H A	10						
Möckel, <i>Agrostis arvensis</i>	H B							
Möckel, <i>Agrostis arvensis</i>	H A					15		
Tovsingall, <i>Phalaris arvensis</i>	H B							
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	H B							
Nackströmland, <i>Agrostis arvensis</i>	H A	40						
Möckel, <i>Agrostis arvensis</i>	C B							
Möckel, <i>Agrostis arvensis</i>	H B							
Höfving, <i>Agrostis arvensis</i>	H A		X					
Löfving, <i>Agrostis arvensis</i>	H A							

II. Möckel Åkers							
	I. belt						
	1	2	3	4	5	6	7
Sågata	310	220	240	160	210	280	
Tovsingall	0	0	0	0	0	0	
Höfving	3.1	2.3	2.5	1.6	2.1	2.3	
A	3.2	2.7	4.1	3.6	2.1	2.8	
B	5.8	4.0	5.1	4.8	7.1	2.2	
C	10.3	9.0	25.0	10.2	33.1	2.7	
D	32.3	28.0	30.0	12.1	33.1	27.3	
E	32.3	35.0	30.0	31.3	1.1		
T	46.1						

II. Tegård, Möckel & Höfving med höfving.

Sanitätsbuch.

IV. u. V. 1842. (10. 10. 105)

II. beil.			III. beil.					IV. beil.					V. beil.				
8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
100	70	45	20	45	60	40		70	45	25	25	80	70	20	60	30	30
50	30	15	70	45	50	30	10	100	60	35	25	20	80	20	60	80	90
60		50	60	15		40	80	>	20				80	50	50	20	40
70	30	20	30			60	10	>	20	25	10		100	10	30	30	20
40			60	100	60	20	10	20	20	45		40			/	10	30
20	20	40	10			30	30	20	10	25		20	50	60	10	10	10
50	10		40	50		20	10	20	20	70		20			30	10	10
70	20	30		50	90	30	10					20	10		30	10	10
20	30	20	30	20				10				20	10				
10		10		20								10	10				
20	10	15	10	10									40	30	10	10	
50	10		20	30								10					
	20		10	20													
X	10		10														
		10											10				
			30	20													
				20													
			10	X													
					X												

auf Ingevald's Buch.

II. beil.			III. beil.					IV. beil.					V. beil.				
8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
200	300	240	90	500	200	200	100	200	200	200	110	200	200	100	200	200	200
12	11	10	12	3	4	3	3	3	4	6	5	4	6	5	7	3	7
30	30	24	10	50	20	20	10	20	20	20	10	20	20	10	20	20	20
220	100	90	40	200	100	100	50	100	100	100	50	100	100	50	100	100	100
480	300	200	20	500	200	200	100	200	200	200	100	200	200	100	200	200	200
470	500	370	470	360	310	310	70	260	350	450	370	240	250	360	300	300	200
470	400	300	170	660	750	300	600	700	400	300	700	700	500	300	500	470	500
200	300	200	40	200		100	200						200	200	200	100	100

ur, með sáralitlum lausum foksandi, en sandsins gætir alls staðar nokkuð á hinum svæðunum, enda þótt hraunsteinarnir veiti honum nokkra mótstöðu og dragi úr afli hans. Ég hygg, að þessir 25 blettir, sem valdir eru eins og fyrr segir, gefi nokkurn veginn fullkomna hugmynd um gróður sandanna eins og hann er nú.

Tafla I B sýnir aftur gróðurfarið almennt, þar sem tafla I A tekur aðallega tillit til einstakra tegunda. Í fyrstu línu er sýnd samanlögð tíðni eða stigatala allra tegundanna á hverjum bletti, önnur línan tegundatölu, en þriðja þéttleika tegundanna. Sést vel á þessum tölum, hversu gisinn gróðurinn er. Tegundþéttleikinn sýnir, hve margar tegundir vaxa að meðaltali á hverjum 1/10 úr fermetra, þ.e. einum hringfleti. Sú tala er að vísu nokkuð breytileg eða frá 1,1-5, en þó er hún hvarvetna lág. Undir venjulegum kringumstæðum gefur þessi tala ekki hugmynd um einstaklingafjöldann, en í þessu tilfelli má segja, að næstum ætíð sé ekki nema um einn einstakling hvorrar tegundar í hverjum hring að ræða. Þegar á þetta er litið, kemur bezt í ljós, hversu ákaflega gisinn gróðurinn er. Þá sýnir taflan einnig hlutföll milli hinni svonefndu tegundaflokka og lífmynda. Tegundaflokkar þeir, sem hér er um að ræða, eru aðeins tveir. Annars vegar eru norrænar plöntur, sem aðallega eru útbreiddar norðar en Ísland, sá flokkur er merktur A, en hinn flokkurinn, E, eru suðrænni tegundir. Taflan sýnir, að þrátt fyrir nokkurn mun einstakra bletta, eru suðrænu tegundirnar í meiri hluta nema í belti II, en vert er að gæta þess, að það belti mun liggja hæst yfir sjávarmáli, þótt ekki muni miklu. Lífmyndirnar eru flokkar plantna, sem eftir kerfi því, sem kennt er við prófessor Raunkiær, er skipað niður eftir því hversu brum þeirra liggja á vetrum í hlutfalli við jarðvegin. Ch eru *runnplöntur* þar sem brumin liggja nokkra sm yfir jarðveginum, H *svarðplöntur*, geyma brumin í yfirborðinu, G *jarðplöntur*, geyma brumin jarðhulin, og Th eru *einærar plöntur*. Hlutföllunum milli þessara lífmynda er nokk-

uð misjafnt farið á hinum einstöku blettum, enda vill það oftast verða svo, þar sem gróður er strjáll og einstök tegund getur algerlega ráðið úrslitum um, hversu há hundraðstala hveirar lífmyndar verður. Þó er sýnilegt, að svarðplönturnar einkenna gróður þennan mest, enda þótt runnplantna gæti einnig nokkuð.

Tafla II.
Sandgróður, tíðni tegunda

		I	II	III	IV	V
Skóflingur, <i>Agrostis alba</i> L.	H 101	100	250	181	180	300
Túvingull, <i>Festuca ovina</i> L.	H 104	70	80	200	250	300
Kjálfringur, <i>Agrostis arvensis</i> L.	H 114	351	110	190	50	190
Gjöldingur, <i>Agrostis vulgaris</i> L.	Ch A1	57	140	110	40	180
Blöðberg, <i>Thymus serpyllifolius</i> L.	Ch E	92	40	270	150	40
Mjúli, <i>Plantago lanceolata</i> L.	Ch A	181	110	70	80	190
Lambeygras, <i>S. nemoralis</i> L.	Ch A	21	50	130	110	40
Beikakorn, <i>Secale cereale</i> L.	Ch A	81	220	90	20	10
Þrálfur, <i>Poa annua</i> L.	H A	70	70	170	20	10
Elmálmur, <i>Galium aparine</i> L.	H E	70	10	30		
Kjálfringur, <i>Agrostis alba</i> L.	H A		10	10		100
Skoggur, <i>Agrostis alba</i> L.	Ch A		10	10		
Kjálfringur, <i>Agrostis alba</i> L.	Ch A	60	20	30		
Þrálfur, <i>Poa annua</i> L.	H A	10				
Kjálfringur, <i>Agrostis alba</i> L.	Ch E		10			30
Kjálfringur, <i>Agrostis alba</i> L.	H A		20			
Sandlingull, <i>Festuca ovina</i> L.	H E	10		50		
Hálmur, <i>Plantago lanceolata</i> L.	H E			20		
Mjúli, <i>Plantago lanceolata</i> L.	H 32			60	10	
Mjúli, <i>Plantago lanceolata</i> L.	Ch A	40				
Actina, <i>Linum catharticum</i> L.	H A		80	10		
Mjúli, <i>Plantago lanceolata</i> L.	Ch A			10		
Kjálfringur, <i>Agrostis alba</i> L.	Ch E	10				
Lífshei, <i>Plantago lanceolata</i> L.	H A			10		
Gjöldingur, <i>Agrostis vulgaris</i> L.	H A	10				

Tafla II sýnir tíðnitölu einstakra tegunda í hverju belti til þess að gefa enn betri hugmynd um það, hverjar tegundir mynda raunverulega hinn strjála sandgróður.

11 fyrstu tegundirnar hittast í 3 eða fleiri prófflötum á hverjum bletti. Það eru því þær, sem einkum mynda sandgróðurinn, og meðal þeirra má finna þær tegundir, sem fyrstar nema hið örfoka auða land, og er því ástæða til að veita þeim sérstaka athygli, útbreiðslu þeirra og þróun á næstu árum.

Ég þykist vita, að mörgum muni helzt leika hugur á að vita, hverju unnt sé að spá um framtíð þessarar eyðimerkur, hvort hún sé eilíflega dæmd til þess að vera svo gróðursnauð, sem hún er nú, eða horfur séu á að hún grói með tíð og tíma. Rannsókn mín er enn aðeins undirbúningsrannsókn og ekkert til samanburðar á þessum slóðum, af þeirri ástæðu er erfitt að spá um framtíðina. Þó hygg ég, að lítill vafi leiki á því, að verði friðunin haldin eins og nú er, þá muni gróður á söndum þessum aukast hröðum skrefum. Þessa skoðun reisi ég á eftirfarandi atriðum. Öllum, sem kunnugir eru í Þjórsárdal, ber saman um, að þessi tvö sumur, sem dalurinn hefir notið friðunar, hafi gróður á söndum aukizt. Sá ég og hins sama glögg merki í sumar við það að fara meðfram girðingunni. Gróðurtopparnir innan girðingarinnar eru bæði þéttari og þroskameiri en utan hennar. Einkum ber mjög á því, hversu plönturnar blómgast meira inni í girðingunni en utan hennar. Af því leiðir aftur, að öðru jöfnu, að fræþroskunin verður meiri, en með auknu fræfalli eru sköpuð skilyrði til örari gróðurauka en ella. Þessa sáust og merki á flestum hinna rannsókuðu reita. Þar var víðast nokkuð af kímplöntum, sem varla sáust utan girðingar. Varla þarf að efa það, að þegar engar sauðkindur eru lengur til að herja á gróðurinn, muni margt af þessum kímplöntum vaxa upp á næstu árum. Þykir mér þetta allt spá góðu um framtíð gróðursins í Þjórsárdal. Hvers konar gróðurhverfi muni skapast, er ekki gott að segja, en ég læt hér fylgja lýsingu á nýgræðum nokkrum við Fossá norðvestur-frá Stöng. Þykir mér ekki ólíklegt, að þær gefi nokkra hugmynd um hin fyrstu gróðurstig dalsins, ef sandarnir ná að verða algrónir.



Gilið í Fljótssdal í Fljótshlíð.

K. O. B.

Undan mynni Fossárdals meðfram ánni beggja vegna eru allvíða nokkrir gróðurblettir. Þar er ýmist um að ræða hálfmýrlenda bletti, vallendisgrundir eða móakennd svæði, þar sem þurrast er. Sum þessara gróðursvæða liggja nokkurn spöl frá ánni. Lítinn vafa tel ég á því, að þetta land sé að verulegu leyti nýgræður, þ. e. þarna hafi gróið upp sandar, þótt nú sé liðinn alllangur tími síðan. Þó er áreiðanlega víða um gróður frá síðustu árum að ræða í útjöðrum þessara svæða. Það, sem sýnir, að gróður sé þarna fremur ungur, er meðal annars tegundasamsetning gróðurhverfanna. Fæst þessara gróðurhverfa eru fastmótuð,

en í þeim er að finna blending mismunandi gróðurhverfa, sem þróast oftast við ólík skilyrði, en tegundirnar geta vaxið saman í ungum gróðurhverfum, þar sem samkeppnin er enn ekki orðin áköf.

Tafla III sýnir gróðurfur þessara nýgræðna, er ég kalla svo. Hver dálkur sýnir gróður einnar samstæðu af prófflötum líkt og áður í sandgróðrinum. Hverja þá samstæðu af hringunum kalla ég hér einstaka athugun. Athuganir 1-3 heyra saman. Þær eru gerðar á nýlega grónu landi skammt vestur frá Stöng og sýna mismunandi gróðurstig. Þarna hagar svo til, að dálítill hraunalda eða rimi er á sandinum. Þar í skjóli við hraunsteinana hafa plönturnar fyrst numið land, svo að riminn er nú algróinn. Gróður hennar sést í dálki 2. Drottandi tegundir eru þar klóelfting og skriðlíngresi, en túnvingull er einnig áberandi. Líklega hefir elftingin þarna verið fyrsti brautryðjandinn, en hinar tegundirnar síðan þróast í skjóli hennar. Athugun 3 er gerð á sæði, sem liggur aðeins lægra, en rétt hjá 2. Gróður er hér hinn sami að mestu, nema elftingarinnar gætir minna. Trúlegt þætti mér, að þarna hefði fyrst gróið og gróðurinn síðan teygt sig upp á háölduna. Elfthingin er nú dái út á lægra svæðinu, því að hún hefir ekki staðizt samkeppnina við grösín, þegar landið var orðið algróið. Athugun 1 er gerð í melbelti, sem liggur utan með gróðurbletti þessum. Gróður er enn ósamfelldur og líkur að tegundasamsetningu söndunum, en allmiklu þéttari. Þykir mér líklegt, að gróðurlendið sé þarna að teygja sig út yfir auðnina. Ef elfthingin og grösín breiðast ögn meira út á melnum, er gróðurhverfi því, sem áður er lýst, náð.

Athuganir 4-7 sýna mismunandi gróðurhverfi á bökkunum við Fossá, þar sem á annað borð gróðri hefir tekizt að ná fóttfestu. Á öllum stöðum þeim, sem hér er frá skýrt, er gróðurinn samfelldur. Landið er lítið eitt öldótt, og er gróðurhverfunum skipað eftir landslagi. 4 sýnir gróðurinn á sléttum, dálítið raklendum flata. Engin tegund yfirgnæfir þar svo, að hún gefi landinu svip. Mesta tíðni hefir

Tafla III A

Gróðurfar á nýgræðum, athuganirnar gerðar við Fossá 7/8 1941 (10 x 1 m²)

		1	2	3	4	5	6	7
Túringell, <i>Festuca ovina</i>	H E	60	100	50	50	10	60	50
Sauðingill, <i>P. ovina</i>	H E	50	60	10	20	10	10	20
Skrúðill, <i>Carex rigida</i>	H A	—	10	10	50	90	10	10
Skóflingur, <i>Agrostis albastris</i>	H E	10	100	10	—	70	—	50
Þunnslegg, <i>Carex flacca</i>	H A	—	—	30	—	—	100	50
Hörönnal, <i>Juncus tenuis</i>	H A	—	—	20	—	10	—	10
Hlíngur, <i>Carex acuticarpa</i>	H E	—	—	—	—	100	—	—
Kúlingur, <i>Agrostis arvensis</i>	G E	10	100	40	—	100	50	—
Bláling, <i>Poa annua</i>	Ch E	60	20	40	—	—	80	10
Þunnslegg, <i>Carex acuticarpa</i>	H E	20	80	70	—	—	60	20
Kúlingur, <i>Agrostis arvensis</i>	G A	—	—	60	20	—	10	20
Áhalla, <i>Luzula saccata</i>	H A	60	10	50	—	—	10	—
Lýsing, <i>Trisetum spicatum</i>	H A	—	—	10	40	—	—	60
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H A	60	10	—	—	—	—	—
Þunnslegg, <i>Carex acuticarpa</i>	H E	60	—	—	—	—	—	—
Kúlingur, <i>Agrostis arvensis</i>	Ch A	50	40	20	—	10	20	—
Hörönnal, <i>Juncus tenuis</i>	H E	—	—	10	—	—	80	10
Hlíngur, <i>Carex acuticarpa</i>	H A	—	—	20	70	—	10	10
Hörönnal, <i>Juncus tenuis</i>	Ch A	—	—	40	30	—	—	—
Þunnslegg, <i>Agrostis arvensis</i>	H E	—	—	—	80	—	20	—
Kúlingur, <i>Agrostis arvensis</i>	G E	—	—	—	80	—	—	—
Þunnslegg, <i>Carex acuticarpa</i>	H E	—	—	—	10	80	—	—
Hörönnal, <i>Juncus tenuis</i>	H E	—	—	—	—	60	—	—
Þunnslegg, <i>Carex acuticarpa</i>	H A	—	—	—	—	—	90	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H E	—	40	—	—	—	—	—
Skóflingur, <i>Agrostis albastris</i>	Ch A	10	—	—	—	—	—	—
Þunnslegg, <i>Carex acuticarpa</i>	Ch A	20	—	—	—	—	—	—
Túringill, <i>Festuca ovina</i>	G E	—	—	—	—	—	10	10
Hörönnal, <i>Juncus tenuis</i>	H E	—	—	—	40	—	—	—
Hlíngur, <i>Carex acuticarpa</i>	G A	—	—	—	70	—	—	—
Kúlingur, <i>Agrostis arvensis</i>	Ch E	—	—	—	10	10	—	—
Hörönnal, <i>Juncus tenuis</i>	H E	—	—	—	—	20	—	—
Áhalla, <i>Luzula saccata</i>	H A	30	—	—	—	10	—	—
Þunnslegg, <i>Carex acuticarpa</i>	H E	—	—	—	40	—	—	—
Þunnslegg, <i>Carex acuticarpa</i>	H E	—	—	—	40	—	—	—
Hörönnal, <i>Juncus tenuis</i>	H A	—	20	20	—	—	—	—
Áhalla, <i>Luzula saccata</i>	H E	—	—	20	20	20	20	30
Blálingur, <i>Poa annua</i>	Ch A	20	—	—	—	—	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H E	—	—	40	—	—	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	G E	—	20	—	30	—	20	30
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H A	—	—	—	—	—	10	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H E	—	—	—	—	—	—	10
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H E	10	—	—	—	10	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	Ch A	—	—	10	20	—	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H A	30	—	—	—	—	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	Ch A	—	—	—	10	—	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	Ch A	—	—	—	—	—	10	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	Ch A	10	—	—	—	—	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H E	—	—	—	—	20	—	—
Blálingur, <i>Poa annua</i>	H E	—	—	10	10	—	—	—

Tafla III B
Hlutföll lífmýnda og tegundaflokka í nýgræðum.

	1	2	3	4	5	6	7
Stigul	641	710	370	720	500	1000	700
Tegundatölur	17	15	24	17	18	20	16
Tegundaflokkur	6.4	7.1	9.3	7.3	6.0	8.3	7.0
A. uerðlegar teg.	45.3	23.0	41.3	45.3	5.4	30.1	37.5
E. uerðlegar teg.	54.7	76.1	57.7	54.8	51.6	61.4	43.5
Ih. Samspjennu	33.1	8.4	15.5	12.1	1.7	15.7	1.4
II. Svavélhættur	63.0	62.0	33.8	10.7	11.0	10.0	57.2
G. Jærdýstur	1.1	29.0	21.6	39.0	21.0	25.3	31.5
Ih. Zinnar pólmur	4.7	—	4.1	—	1.7	—	—

kornsúran, en hún vex hins vegar svo strjált, að hennar gætir ekki í gróðurmagni. Aðaltegundirnar eru týtulíngresi, túnvingull, stinnastör og mýrastör. Vert er að gæta þess, að þessar tegundir eru að heita má sín úr hverju gróðurlendi. Vingullinn og língresið eru valllendistegundir, stinnastörin á helzt heima í mólendi eða mosapembu, en mýrastörin, eins og nafnið bendir á, er mýrlendistegund. Þetta sýnir, eins og fyrr er bent á, að gróðurlendið er í sköpun. Líklega hefir þarna verið raklendara áður, og þá hefir mýrastörin og jafnvel fleiri mýrategundir náð þar fóttfestu, sem þurrlandisplöntunum hefir enn ekki tekizt að hrekja brott, þótt skilyrði hafi breytt þeim í hag. 5 sýnir græður í dæld, sem vatn mun standa í framan af sumri. Hálmgresið ríkir þar bæði í svip og gróðurmagni, enda þekur það langmest af yfirborðinu. Er það mjög í samræmi við staðhætti, því að alltútt er, að hálmgresi skapi græður þar, sem jarðvegur er hvort tveggja í senn, rakur og sendinn. En varla þarf að ætla, að það taki samt mikinn þátt í nýgróðri dalsins sem heildar. 6-7 sýnir gróður á þurrum öldum, sem liggja nokkru hærra en hin athuganasvæðin. Þarna er um að ræða hrein gróðurhverfi, annars vegar þursaskeggshverfi 6, en þursaskeggs-hrossanálarhverfi 7. Í hinu fyrrnefnda yfirgnæfir þursaskegg-

ið í gróðursvipnum, en hrossanálin í hinu. Af öðrum tegundum má nefna vingla, língresi og stinnustör. Þarna er því um að ræða eins konar blending vallendis og móagróðurs, sem þó er blandinn nokkrum melategundum, svo sem blóðbergi. Þetta gróðurfar er tíðast meðfram Fossá, einkum þursaskeggshverfið. Gróður þessi er harðgerður, bæði gagnvart vindi og sandágangi. Sums staðar í hólakinnungum verður krækilyng mjög áberandi, án þess þó að það skapi gróðurhverfi. Enda þótt hér sé ekki um nokkra talningareiti að ræða af þessum krækilyngsblettum, þá má geta þess, að gróður þeirra er í fæstu frábrugðinn þursaskeggshverfinu öðru en því, að krækilyng bætist í hóp hinna drottandi tegunda. Stundum er einnig hrossanál innan um lyngið, svo að fram kemur blendingur beggja þessara gróðurhverfa. Annars er athyglisvert, hversu lítið er um eiginlegan runngróður á þessum svæðum, þó hefði mátt vænta, að t.d. loðvíðir yxi þar nokkuð, en annars mun runngróður yfirleitt firrast sandsvæðin.

Við hlutföll lífmynda og tegundaflokka er fátt að athuga. Suðrænu tegundirnar eru yfirleitt í verulegum meirihluta, nema í 7, en það svæði liggur mest áveðra, og þangað leita því hinar harðgerðustu tegundir. Hlutföll milli jarð- og svarðplantna eru lík á öllum athugunarsvæðunum, nema á melnum í 1. Þar vantar jarðplöntur að mestu, en runnplöntur eru alláberandi líkt og í sandinum. Annars eru nýgræður þessar yfirleitt svarðplöntugróðurlendi, eins og tíðast er í þurrlendi, þar sem runnplöntur ekki verða yfirgnæfandi, svo sem í móum.

Skal þá staðar numið að þessu sinni. Athuganir mínar úr öðrum gróðurlendum eru svo fáar og strjálar, að greinargerð þeirra verður að bíða að sinni.

III. FLÓRA ÞJÓRSARDALS

Eitt aðal viðfangsefni mitt að þessu sinni var að safna til fullkominnar flóru rannsóknarsvæðisins. Þrátt fyrir það, að ég leitaðist við að afla mér þeirrar þekkingar á

Þessu efni, sem mér var frekast unnt, þá var tími sá, er ég hafði til rannsóknanna, of skammur, til þess að hægt sé að gera kröfur til þess að flóruelistinn sé tæmandi. Einkum eru tvö svæði í dalnum enn of lítið skoðuð, en það er Búrfell og innsti hluti Fossárdals. Þó læt ég þessa flóru birtast nú í því trausti, að mér takist hið bráðasta að auka við hana og fullkomna. En flóran í sjálfu sér er merkilegt viðfangsefni, því að þess er fyllilega að vænta, að nýjar tegundir komi og nemi land á hinu friðaða svæði, og þótt svo illa færi, að ég gæti ekki framkvæmt hina endanlegu gróðurskoðun, þá hefir þessi listi samt fullkomið gildi svo langt sem hann nær. Hin latnesku nöfn eru öll hin sömu. og í „Flora of Iceland and the Faeroes“ eftir Ostfeld og Gröntved, og hefi ég til rúmsparnaðar sleppt höfundaheitum nafnanna. Niðurröðun ættanna er einnig hin sama og í þeirri flóru.

Selaginellaceae.

1. Ch A1 *Selaginella selaginoides*, Mosajafni. Alg.

Equisetaceae.

2. H A3 *Equisetum variegatum*, Beitieski. Alg.
3. H E3 *E. hiemale*, Eski. Gjáin, mikið, annars óf.
4. G E4 *E. arvense*, Klóelfting. Mjög alg.
5. G E2 *E. palustre*, Mýrelfting. Allvíða í kringum Skriðufell, annars ekki fundin.
6. G E2 *E. pratense*, Vallelfting. Alg.

Ophioglossaceae.

7. G E4 *Botrychium lunaria*, Tungljurt. Alg. Í kringum Stöng mjög stórvaxin og oft með gróum á grólausa blaðinu.

Polypodiaceae.

8. H E4 *Custoferis agilis*, Tóugras. Víða.

Cupressaceae.

9. Ch E4 *Juniperus communis*, Einir. Hingað og þangað við, Stöng, víða í Búrfelli, óf. annars staðar.

Potamogetonaceae.

10. HH E4 *Potamogeton filiformis*, Þráðnykra. Mjög sjaldgæf, aðeins fundin á þremur stöðum.
11. HH E4 *P. alpinus*, Fjallnykra. Mjög sjaldgæf.

Scheuchzeriaceae.

12. H E4 *Triglochin palustris*, Mýrasauðlaukur. Sj.

Gramineae.

13. H E3 *Anthoxanthum odoratum*, Ilmreyr. Alg.
 14. G E2 *Hierochloë adorata*. Reyrgresi. Hingað og þangað kringum Skriðufell.
 15. H A2 *Phleum alpinum*, Fjallafoxgras. Víða við Stöng og í Búrfelli.
 16. H E3 *Agrostis canina*, Týtulíngresi. Alg.
 17. H E2 *A. tenuis*, Hálingresi. Alg.
 18. H E3 *A. stolonifera*, Skriðlíngresi. Alg.
 19. H E4 *Calamagrostis neglecta*, Hálmgresi, Alg.
 20. H E3 *Deschampsia flexuosa*, Bugðupuntur. Víða.
 21. H E2 *D. caespitosa*, Snarrótarpuntur. Víða.
 22. H A2 *D. alpina*, Fjallapuntur. Víða.
 23. H A3 *Trisetum spicatum*, Lógresi. Alg.
 24. Th E3 *Poa annua*, Varpasveifgras. Allvíða í kringum Skriðufell í skriðum.
 25. G E4 *P. pratensis*, Vallarsveifgras. Alg.
 26. H A2 *P. alpina*, Fjallasveifgras. Alg.
 27. H A3 *P. glauca*, Blásveifgras. Alg.
 28. H E3 *P. nemoralis*, Runnasveifgras. Alg. í kjarri, en annars sj.
 29. H E4 *Festuca rubra*, Túningull. Alg.
 30. H E4 *F. ovina*, Sauðvingull. Alg.
 31. G E4 *Elymus arenarius*, Melur. Á nokkrum stöðum, einkum um innanverðan dalinn, en alls staðar lítið í stað.

Cyperaceae.

32. G E4 *Eriophorum polystachium*, Klófífa. Sj.
 33. HH A3 *E. cheuchzeri*, Einhneppa. Sj.
 34. H A3 *Kobresia BellaIdi*, Þursaskegg. Mjög alg.
 35. G A2 *Carex microglochin*, Broddastör. Víða í Stangarfjalli, Dímon.
 36. H A2 *C. capitata*, Hnappstör. Víða við Stöng, annars óf.
 37. G A3 *C. incurva*, Bjúgstör. Víða.
 38. H A2 *C. Lachenalii*, Rjúpstör. Stangarfjall á nokkrum stöðum. Annars óf.
 39. G A3 *C. pulla*, Hrafnastör. Stangarfjall á n. st., Dímon.
 40. G E3 *C. Goodenoughii*, Mýrastör, Víða kringum Skriðufell, annars sj.
 41. G A2 *C. rigida*, Stinnastör. Alg.

42. G E3 *C. Lyngbyei*, Gulstör. Sj. við Skriðufell, annars óf.
C. Lyngbyei C. rigida, Stangarfjall á n. st.
43. H A2 *C. Halleri*, Fjallastör. Stangarfjall á einum stað.
44. G A2 *C. rariflora*, Hengistör. Sj. Stangarfjall, Dímon.
45. G A1 *C. sparsiflora*, Slíðrastör. Sj. kringum Skriðufell, annars óf.
46. H A3 *C. capillaris*. Sjaldgæf kringum Stöng, annars óf.

Juncaceae.

47. G A1 *Juncus balticus*, Hrossanál. Víða.
48. Th E3 *J. bufonius*, Lindasef. Á n. st. við Skriðufell, annars óf.
49. H A2 *J. trifidus*, Móasef. Alg.
50. H A3 *J. triglumis*, Blómsef. Sj.
51. H A3 *J. biglumis*, Flagasef. Kringum Stöng sj., annars óf.
52. H E3 *J. alpinus*, Mýrasef. Víða við Skriðufell, annars sj.
53. H E3 *Luzula multiflora*, Vallbæra. Alg.
54. H A3 *L. arcuata*, Fjallhæra. Uppi á Stangarfjalli sj., annars óf.
55. H A2 *L. spicata*, Axxhæra. Alg.

Colchicaceae.

56. H A2 *Tofieldia palustris*, Bjarnarbroddur. Víða.

Orchidaceae.

57. G E3 *Habenaria hyperborea*, Friggjargras. Víða, nema við Stöng sj.
58. G E4 *H. albidia*, Hjónagras. Í Búrfelli, annars óf.

Salicaceae.

59. Ch A3 *Salix glauca*, Grávíðir. Alg.
60. Ch A1 *S. phlylicifolia*, Gulvíðir. Alg.
61. Ch A1 *S. lanata*, Loðvíðir. Alg.
62. Ch A3 *S. herbacea*, Grasvíðir. Alg.

Betulaceae.

63. Ph E3 *Betula pubescens*, Ilmbjörk. Alg.
64. Ch A2 *B. nana*, Fjalldrapi. Víða við Stöng, annars óf.

Polygonaceae.

65. Th E4 *Polygonum aviculare*, Hlaðarfi. Á einum stað við götur nálægt Skriðufelli.
66. G A3 *P. viviparum*, Kornsúra. Mjög alg.
67. Th A3 *Koenigia islandica*, Naflagras. Víða.
68. H E3 *Rumex acetosa*, Vallarsúra. Víða.
69. H E4 *R. acetosella*, Hundasúra. Alg. við Stöng, víða annars staðar.

70. H A3 *Oxyria digyna*, Ólafssúra. Víða, nema sj. kringum Skriðufell.

Caryophyllaceae.

71. Ch A1 *Silene maritima*, Fálkapungur. Alg.
 72. Ch A3 *S. acaulis*, Lambagras. Alg.
 73. H A2 *Viscaria alpina*, Ljósberi. Alg.
 74. Ch A2 *Cerastium trigynum*, Lækjafraehyrna. Hingað og þangað við Stöng, annars óf.
 75. Ch A3 *C. alpinum*, Músareyra. Alg.
 76. Ch E3 *C. caespitosum*, Vegarfi. Víða.
 77. Th E4 *Stellaria media*, Haugarfi. Alg., einkum kringum Skriðufell.
 78. Ch A3 *Arenaria norvegica*, Skeggsandi. Alg.
 79. Ch A3 *Minuartia verna*, Melanóra, Alg.
 80. H E3 *Sagina nodosa*, Hnúskakrækill, Allvíða.
 81. H E3 *S. procumbens*, Skammkrækill. Allvíða.
 82. Th E2 *Spergula arvensis*, Skurfa. Víða við Skriðufell, annars sj.

Portulacaceae.

83. Th E4 *Montia lamprosperma*, Lækjagrýta. Víða við Skriðufell, annars fremur sj.

Ranunculaceae.

84. HH E3 *Ranunculus paucistamineus*, Lónasóley, Við Stöng og Skriðufell mjög sj.
 85. H E4 *R. reptans*, Liðasóley. Á sömu st. og undanf. mjög sj.
 86. H E4 *R. acer*, Brennisóley. Alg.
 87. HH A3 *R. hyperboreus*, Sefbrúða. Við Skriðufell á n. st.
 88. H A2 *Thalictrum alpinum*, Brjóstagras. Alg.

Cruciferae.

89. H A2 *Draba incana*, Grávorbóm. Hingað og þangað.
 90. Ch A1 *D. rupestris*, Túnvorbóm. Víða.
 91. H E4 *Cardamine pratensis*, Hrafnaklukka. Hingað og þangað.
 92. Th E1 *C. hirsuta*, Lambaklukka. Víða við Skriðufell, annars sj.
 93. Ch A1 *Arabis petraea*, Melskriðnablóm. Alg.
 94. H A2 *A. alpina*, Skriðnablóm. Við Stöng sj., annars óf.

Violaceae.

95. H E3 *Viola palustris*, Mýrfjóra. Alg.

Geraniaceae.

96. H E3 *Geranium silvaticum*, Blágresi. Víða, nema óf. við Stöng.

Empetraceae.

97. Ch E4 *Empetrum nigrum*, Krækilyng. Alg.

Crassulaceae.

98. H A2 *Sedum roseum*, Burnirót. Við Stöng og Skriðufell sj.
 99. H A2 *S. villosum*, Flagahnoðri. Víða.
 100. Ch A1 *S. acre*, Helluhnoðri. Víða.
 101. Th A1 *S. annuum*, Steinajurt. Allvíða.

Saxifragaceae.

102. H A3 *Saxifraga Hirculus*, Gullbrá. Alg. við Stöng, annars víða.
 103. Ch A3 *S. oppositifolia*, Vetrarblóm. Alg.
 104. H A3 *S. nivalis*, Snæsteinbrjótur. Allvíða.
 105. H A3 *S. stellaris*, Stjörnusteinbrjótur. Við Stöng og Skriðufell sj.
 106. Ch A3 *S. groenlandica*, Þúfusteinbrjótur. Víða.
 107. Ch A1 *S. hypnoides*, Mosasteinbrjótur. Víða við Stöng, annars sj.
 108. H E2 *Parnassia palustris*, Mýrasóley. Víða.

Rosaceae.

109. H E2 *Filipendula ulmaria*, Mjadjurt. Aðeins fundin á Ásólfstöðum.
 110. H E1 *Fragaria vesca*, Jarðarber. Víða.
 111. Ch A2 *Sibbaldia procumbens*, Fjallasmári. Víða við Stöng, annars óf.
 112. H E4 *Potentilla anserina*, Tágamura. Sj. við Stöng, annars alg.
 113. H A2 *P. alpestre*, Gullmura. Víða.
 114. H E2 *Geum rivale*, Fjalldalaffill. Á n. st.
 115. Ch A3 *Dryas octopetala*, Holtasóley. Víða.
 116. H E3 *Rubus saxatilis*, Hrútaber. Alg.
 117. Ch A2 *Alchemilla alpina*, Ljónslappi. Víða.
 118. H E4 *A. minor*, Maríustakkur. Alg.

Papilionaceae.

119. H E3 *Vicia cracca*, Umfedmingur. Víða við Skriðufell, annars óf.
 120. H E3 *Lathyrus maritimus*, Baunagras. Gjáin, Búrfell mikið.

121. H E2 *L. paluster*, Mýraertur. Nál. Skriðufelli á einum stað lítið.
 122. H E2 *Trifolium repens*, Hvítmári. Alg. nema við Stöng, þar sj.

Oenotheraceae.

123. H A3 *Chamaenerium latifolium*, Eyrarrós. Við Búrfell mikið, annars sj.
 124. H E1 *Epilobium collinum*, Klappadúnurt. Alg. við Skriðufell, annars fremur sj.
 125. H E3 *E. palustre*, Mýradúnurt. Alg.
 126. H A2 *E. anagallidifolium*, Fjalladúnurt. Á n. st. í Stangarfjalli, annars óf.
 127. H A1 *E. alsinifolium*, Lindadúnurt. Allvíða, einkum við Stöng.
 128. H A1 *E. Hornemanni*, Heiðadúnurt. Á n. st. við Stöng, annars óf.

Umbelliferae.

129. H A2 *Archangelica officinalis*, Hvönn. Búrfell víða, annars óf.

Ericaceae.

130. Ch E2 *Calluna vulgaris*, Beitilyng. Sjaldg. við Stöng og í Búrfelli.
 131. Ch A2 *Cassiope hypnoides*, Mosalyng. Sj. Stangarfjall og við Skriðufell.
 132. Ch E2 *Arctostaphylus uva ursi*, Sortulyng. Sj., aðeins séð í Búrfelli.

Vacciniaceae.

133. Ch E4 *Vaccinium uliginosum*, Bláberjalyng. Alg.

Plumbaginaceae.

134. Ch A3 *Armeria vulgaris*, Geldingahnappur. Alg.

Gentianaceae.

135. H E1 *Gentiana campestris*, Maríuvöndur. Víða.
 136. H E2 *G. amarella*, Grænvöndur. Víða kringum Stöng, annars sj.
 137. Th A2 *G. nivalis*, Dýragras. Víða.
 138. Th A1 *G. aurea*, Gullvöndur. Víða við Skriðufell, annars sj.
 139. Th A2 *Pleurogyne rotata*, Blástjarna. Við Skriðufell sj., annars óf.

Boraginaceae.

140. Th E2 *Myosotis arvensis*, Gleym mér ei. Sj. við Stöng, annars víða.

Labiatae.

141. Ch E4 *Thymus serpyllum*, Blóðberg. Alg.
 142. H E1 *Prunella vulgaris*, Blákolla. Víða við Ásólfstaði, en ekki séð innan girðingar, tel þó víst að hún vaxi þar.

Schrophulariaceae.

143. Th E2 *Rhinanthus minor*, Lokasjóður. Víða við Skriðufell, annars sj.
 144. Th A1 *R. groenlandicus*. Sj. við Skriðufell, annars óf.
 145. Th A2 *Euphrasia latifolia*, Augnfró. Alg. Öll þau eintök, sem ég skoðaði, reyndust vera af tegundinni *E. frigida*, en nokkuð af þeim var afbrigðið var. *pusilla*.
 146. Ch A2 *Veronica fruticans*, Steindepla. Víða við Stöng, annars óf.
 147. H A2 *V. alpina*, Fjalladepla. Sj. við Stöng, annars óf.
 148. Ch E2 *V. officinalis*, Hárdepla. Á einum stað hjá Skriðufelli, annars óf.

Utriculariaceae.

149. H E4 *Pinguicula vulgaris*, Lyfjagras. Alg.

Rubiaceae.

150. H E2 *Galium boreale*, Krossmaðra. Alg.
 151. H E1 *G. verum*, Gulmaðra. Alg.
 152. H E1 *G. silvestre*, Hvítmaðra. Alg.

Compositae.

153. H A1 *Erigeron borealis*, Jakobsfífill. Víða.
 154. Ch A2 *Gnaphalium supinum*, Grámulla. Á n. st. kringum Stöng, annars óf.
 155. H E3 *Achillea millefolium*, Vallhumall. Kringum Skriðufell á n. st.
 156. Th E1 *Senecio vulgaris*, Krossgras. Víða kringum Skriðufell, annars óf.
 157. H E3 *Leontodon autumnalis*, Skarífífill. Víða.
 158. H A2 *Taraxacum croceum*, Engjáfífill. Víða.
 159. H E2 *T. acromaurum*, Túnfífill. Víða, einkum kringum Skriðufell.
 160. H A1 *Hieracium islandicum*, Íslandsfífill. Víða.
 161. H A1 *H. tynnotrichum* Dahlst. Skriðufell.

Auk þessa eru enn nokkrar tegundir undafífla (*Hieracium*), sem eru ónafngreindir. Við staðarákvarðanir flórualista þessa er að athuga: Í kringum Stöng tákna ég svæð-

ið innan Fossár niður á móts við Fossárvað á veginum. Búrfell á einungis við lítið svæði í Búrfellsskógi næst Þjórsá. Í kringum Skriðufell er allt svæðið heiman Fossár og inn móts við Dímon. Svæðið milli Fossár og girðingar þar fyrir innan er enn óskoðað, og sömuleiðis meginíð af Búrfelli og nágrenni þess. Þannig kunna enn að bætast við nokkrar tegundir, En varla mjög margar, þegar á það er lítið, að á hinu skoðaða svæði eru fundnar 161 tegundir og á hinum óskoðuðu svæðum eru engin þau gróðurlendi, sem ekki eru á hinum.

Akureyri, 25. febr. 1941.

Steindór Steindórsson
frá Hlöðum.

Hákon Bjarnason:

Úr stöð Skógræktarfélagssins í Fossvogi.

Sumarið 1940 var kalt og votviðrasamt. Vöxtur trjáanna var þó furðanlega mikill, en það má eflaust þakka hlýindunum sumarið áður. Þó bar nokkuð á því, að árssprotar þroskuðust seint og kól allmikið ofan af mörgum reynisprotum.

Vinna í stöðinni var með sama móti og árið áður. Nokkru var plantað út af birki bæði í móana efst og austast í landinu og eins í beð í gróðrarstöðinni. Ennfremur voru smábjarkir fluttar úr Faxafeni upp í gróðurstöð. Ennfremur var nokkuð af reyni og öðrum trjáplöntum gróðursett þar. Reynifræi og birkifræi var sáð í beð. Kom nokkuð af reyninum upp á fyrsta ári, en birkið spíraði mjög illa.

Hæstu trén í stöðinni eru orðin töluvert á þriðja meter á hæð. Hefir reynirinn vinninginn yfir björkina, en hæsta björkin er þó rúmir 2 metrar.

Hákon Bjarnason:

Störf Skógræktar ríkisins árið 1940 og stutt yfirlit um framkv. s.l. 5 ára.

Það er eigi ástæða til að eyða mörgum orðum að framkvæmdum ársins, sem leið. Aðalstarfið var fólgið í að lagfæra girðingar og bæta um ýmislegt, sem ábótavant var.

Jörðin Jafnaskarð var keypt snemma á árinu. Fylgir henni allmikið skóglendi, sem girða á og friða, en ætlunin er að selja jörðina aftur, þegar skóglendið er undan tekið. Þetta skóglendi liggur við vestanverðan suðurenda Hreðavatns í Borgarfirði. Er þar fremur snotur skógur á ýmsum stöðum eftir því, sem gerist þar um slóðir. Megnið af skóglendinu er samt kræklótt og mjög bitið. (Þegar þetta er skrifað, er búið að girða skóglendið í Jafnaskarði) .

Í Haukadal var allmikið unnið við að laga og snyrta til á staðnum og umhverfis hann jafnframt því, sem vegurinn þangað heim var lagfærður. Sýndi vegagerðin skógræktinni þann velvilja, að aðstoða við þá vegabót. Síðla sumars, hinn 8. sept., var kirkja staðarins vígð að viðstöddu miklu fjölmenni. Þangað kom m. a. sendiherra Dana á Íslandi, og var gefandans, Kristians Kirk, minnzt hlýlega við þá athöfn, en hann hafði, svo sem kunnugt er, látizt í febrúarmánaði þetta sama ár.

Í Þórsmörk var sú nýlunda tekin upp að hafa tvo varðmenn sumarlangt til þess að stugga fé úr Mörkinni og af Goðalandi. Girðingin umhverfis landið var svo úr sér

gengin, að til vandræða horfði, en engin ráð til þess að bæta hana svo sem þurfti. Var því langtum minni ágangur fjár í Mörkinni en undanfarin sumur. Ennfremur var það vel þegið af ferðamönnum, að fá góða leiðsögn kunnugra manna um Mörkina. Þangað streymir fjöldi fólks á hverju sumri sér til hressingar og töldu verðirnir hátt á sjöunda hundrað manns, er komu þangað þá tvo mánuði, sem þeir voru þar.

Í Stóra-Enda í Þórsmörk var einn hektari lands sérlega vel afgirtur og er ætlunin sú, að þar verði gróðursett megnið af því sitkagreni frá Kenai í Alaska, sem fékkst hingað til lands vorin 1938 og 1939. Sitkagreni frá Kenai er að vísu ekki hið bezta afbrigði sitkagrenis, sem völ er á, en þó eru miklar líkur til, að það geti náð góðum þroska og borið fræ, er fram líða stundir. Völ á heppilegri stað til fræþroskunar er annars staðar vart betri en á Þórsmörk.

Í Ásbyrgi var nokkuð unnið að því, að hreinsa skóginn og laga veginn í Byrgið. Ennfremur var húsakostur eftirlitsmanns allmikið bættur.

Á Vöglum var starfsemin öll með svipuðu móti og undanfarið. Suðurhluti skógarins hefir nú mestallur verið grisjaður í fyrsta sinn og sér þess mikil merki á útliti hans. Vegir voru og nokkuð lagfærðir svo sem undanfarin ár og er vegakerfi skógarins loks að komast í sæmilegt lag. En aðalframkvæmdirnar á Vöglum voru þó að byggja við skógarvarðarbústaðinn. Bústaður skógarvarðarins var þannig, að steinhús hafði verið byggt endur fyrir löngu upp að gömlum bæ. Gamli bærinn var að falla niður, svo að eigi varð hjá því komizt, að byggja upp aðra vistarveru. Lenti verðhækkun byggingarefnis að nokkru leyti á þessum framkvæmdum og urðu þær því dýrari, en ráð hafði verið fyrir gert.

Rétt þykir að geta þess, þegar minnt er á Vaglaskóg, að þar voru sett upp stór gljásteind skilti árið 1939 þar sem letruð var á kurteisleg bending til skógargesta, að

ganga snyrtilega um. Slík skilti voru sett upp í öllum stærri skóglendum, þar sem umferð er mikil. En á Vögllum hafa nokkrir þokkapiltar af Akureyri ekki getað setið á sér að eyðileggja eitt skiltið með því, að nota það fyrir skotmark Slík framkoma sem þessi er ekki góðum drengjum sæmandi.

Í Sigríðarstaðaskógi í Ljósavatnsskarði var fyrst grisjað s.l. sumar að nokkru ráði og girðingin umhverfis skóginn var endurbætt allverulega, svo að nú er torsóttara fyrir fé að komast í skóginn. En áður stóð girðingin þannig, að hún var fremur fjárví en varnargirðing.

Á Hallormsstað voru störfin öll hin sömu og árið áður. Þó var meira að hafzt við uppeldi trjáplantna og girðingin um skóginn fékk töliverða endurbót. Viðarhögg var svipað og áður. Nokkru var plantað út um skóginn af erlendum trjátegundum, bæði lerki og furu. En sá er hængur á við slíka ræktun á Hallormsstað, að kým húsmæðraskólans hafa, samkvæmt sérstökum samningi, haft leyfi til þess að traðka niður og eyðileggja mikið af því, sem þar er unnið.

Blágrenið og norska skógarfuran á Hallormsstað hafa dafnað ágætlega undanfarin ár. Grenið og furan voru mæld að loknum hæðarvexti 1935 (sjá Ársrit 1936) og nú aftur haustið 1940. Hér er yfirlit um vöxt síðustu 5 ára:

Hæð þvermál og vöxtur blágrenitjáanna á Hallormsstað 1935-1940.

Nr.	1935		1936		Hæð, gildis- st.	Þick. cm	Blágrenið		Furu	
	Stök cm	Þvermál cm	Stök cm	Þvermál cm			cm	cm		
1	1.60	14,7	7,75	50,0	112	3,7	38,0	1,1	0,021	0,119
2	2.40	12,1	3,25	11,2	120	5,0	25,0	1,0	0,027	0,026
3	1.25	8,1	5,25	5,0	101	7,1	21,1	1,0	0,010	0,011
4	2.55	7,1	1,00	10,0	126	4,0	20,0	0,8	0,028	0,028
5	4.85	8,3	3,15	14,0	16	7,5	6,0	1,1	0,015	0,019
									0,115	0,576

Í síðasta dálki töflunnar er viðarmagn hinna einstöku trjáa (m^3) árin 1935 og 1940. Við samanburð á þessum tölum sést, að viðarmagnið í þessum 5 trjám hefir meir en tvöfaldast, tveim þeim síðustu jafnvel þrefaldast. Slíkur vöxtur er alveg frábær.

Í furulundinum á Hallormsstað standa 129 skógarfurur. Flatarmál svæðisins, sem fururnar standa á, er aðeins 168 fermetrar. Þær fyrstu munu hafa verið gróðursettar á tímabilinu 1905-1910, en síðar, árið 1923, var fleiri plöntum bætt þar inn á milli.

Árið 1935 voru 4 hæstu fururnar að meðaltali 4.5 metra. Margar þeirra voru þá um og yfir 2 metra. Nú er meðalhæð hinna 129 trjáa 4.75 metra.

Tala	Meðalhæð sm.	Meðalþvermál sm.	Viðarmagn m^3	Viðarmagn pr. ha.
129	4.75	7.03	1.316	ca. 75 teningsmetrar.

Ef þessi furulundur væri það víðlendur, að hann næði yfir einn hektara lands, stæðu þar 75 teningsmetrar af víði. Væri hver teningsmeter seldur á kr. 54, sem er langtum meir en helmingi lægra en gangverð víðar hefir verið undanfarið, þá stæði víðarverðmæti er næmi kr. 4000,00 á þeim hektara.

Í fullþroskuðum frumskógi ættu að vera 200-300 teningsmetrar af víði á hverjum hektara. Getur hver sér til gamans gert, að reikna út verðmæti slíks lands.

Af öðru, sem leyst var af hendi á s.l. ári, má minnst tvenns. Annað var, að loks tókst að ná sitkagrenifraei frá þeim slóðum í Alaska, sem svipað veðurfar hafa og Suðurland. Hitt er taka skógarkvikmyndar, sem ætlunin er að sýni þeim landsbúum, sem lítið geta ferðast um landið, hvað unnt sé að láta gróa hér.

Þetta tvennt á að marka tímamót í sögu skógræktarinnar. Annars vegar flyzt hingað harðger trjátegun, sem mun vaxa hér betur en allar aðrar aðfluttar tegundir, og hins vegar á kvikmyndin að verða til þess, að

efla trú manna á gróðri landsins og vekja áhuga og starfslöngun alþjóðar til þess, að bæta landið og græða.

Árið 1935 voru engar teljandi framkvæmdir á vegum Skógræktar ríkisins, enda var framkvæmdafé aðeins kr. 7.500,00, sem að verulegu leyti fóru í afborganir og rentur af lánnum og föst útgjöld. En árin 1936-1940 að báðum árum meðtöldum hafa eftirtaldar girðingar verið settar upp:

	lengd í m	Flatarmál í ha.
Um græðireit í Múlakoti 1935 og 1939	500	1.5
Vaglir á Þelamörk, keypt 1937	1000	6.2
Skógargirðing í Hrollleifsdal, Skagafirði, 1938 ..	2000	26
Þjórsárdalsgirðing 1938	35000	13500
Haukadalur	135000	1350
Sandvík í Bárðardal 1939	200	0.2
Þórsmörk 1940	400	1
Nauthúsagil 1940	6,00	2.3
Girðing í Innri Akraneshreppi 1940	400	1
	53600	14887.2

Þessum girðingum hefir verið komið upp með styrk frá Skógrækt ríkisins: Girðingu í Leyningshólaskógi, girðingu um skóglendi á Seyðisfirði og skóglendi á Eiðum.

Girðingar, sem hafa verið endurnýjaðar að fullu, eru um Vaglaskóg, Ásbyrgi, Norðtunguskóg og Laugarvatnsskóg.

Tvær girðingar hafa verið af teknar: Skarfanegirðing seld og Skinnastaðagirðing tekin niður.

Eftirfarandi skóglendi hefir Skógræktin keypt á þessu tímabili: Skóginn við Jafnaskarð í Borgarfirði, Skriðufell með skógum og landi, Stórhöfða- og Þverárskóg í Fnjóskadal. En landbúnaðarráðuneytið hefir afhent Skógræktinni Skuggabjargaskóg í Fnjóskadal og Sauðhússkóg í Borgarfirði til friðunar og umönnunar.

Á s.l. 5 árum hafa græðireitir verið stækkaðir úr 0.5 hektörum í rúma 2 hektara og árleg framleiðsla plantna

meir en fjórfaldast. Samt sem áður er stöðug plöntuekla vegna sívaxandi eftirspurnar og trjáræktaráhuga.

Nú er ekki svo vel, að Skógrækt ríkisins hafi ein getað innt af höndum allar þessar framkvæmdir, heldur var henni gefinn Haukadalur með öllum þeim umbótum, er þar voru gerðar og námu samtals yfir kr. 50.000,00. Og ennfremur var girðingin um Þjósárdal eigi kostuð af Skógræktinni, en hún mun lykja um langstærsta friðaða landssvæðið, sem til er hér.

Auk þess, sem Skógrækt ríkisins hefir unnið að friðun framantaldra skóga og eyðilands, má minna á, að Skógræktarfélag Íslands gekkst fyrir friðun Bæjarstaðaskógar árið 1935.

Það, sem unnið hefir verið á sviði skógræktarmálanna undanfarin fimm ár, er aðeins upphaf að miklu meira starfi, en til þess er frá því skýrt hér í stuttu máli, að menn, sem áhuga hafa á þessum málum, og þeir eru orðnir margir, megi átta sig á hvað gerzt hefir.

H. Bj.

Ríkisstyrkurinn til skógræktar.

Árið 1941 nam þessi styrkur kr. 10000,00. Var hækkaður um kr. 4000,00 frá því, sem hann var. Þessum styrk var þannig skipt milli skógræktarféлага landsins:

Skógræktarfélag Árnesinga	kr.	1000,00
- Austurlands	-	500,00
- Borgfirðinga	-	1000,00
- Eyfirðinga ..	-	2000,00
- Íslands	-	4000,00
- Skagfirðinga	-	1000,00
- Vestmannaeyja	-	<u>500,00</u>

Kr. 10000,00

Hákon Bjarnason:

Uppblástur í Landsveit á síðustu öld.

Landsveitin hefir eyðzt svo ört og stórkostlega á síðustu öld, að eins dæmi mun vera. Það, sem hér er tínt saman, er ekki nema örlítið brot af þeirri harmasögu, er þar hefir gerzt. Hefi ég tekið það niður eftir sögn þeirra Eyjólfss Guðmundssonar í Hvammi, Guðmundar Árnasonar í Múla og Finnboga Höskuldssonar í Skarfanesi. Þetta eru allt ábyggilegir menn, sem fara ekki með annað en þeir vita satt og rétt.

Flestar frásagnirnar hefi ég eftir Guðmundi í Múla, en það, sem Finnbogi í Skarfanesi hefir frætt mig um, fer hér á eftir með hans eigin frásögn og orðalagi, því að það lýsir bezt hinu kröppu lífsskjörum manna austur þar á ofanverðri síðustu öld.

Svo fylgir og uppdráttur af Landsveit, þar sem á er markað gróðurlendi það, sem enn er óuppblásið, ásamt mörgum þeim örnefnum, er fyrir koma í lesmálinu. Með því að fylgjast með á kortinu jafnóðum og lesið er má bezt sjá, hve eyðileggingin hefir verið ör.

Aðallega var það á tveim hörðum árákölum, sem landskemmdir urðu mestar. Fyrri harðindin voru 1830 -1836 og voru það einkum árin 1834-1836, sem voru afar hörð. Þá fór jörðin Skarfanes í eyði, en var byggð aftur 1838. Voru hús öll full af sandi, þegar menn tóku

sér bólfestu þar á ný. Síðari harðindin voru frá 1870- 1882, en sumir telja þau fram til 1887.

Þótt landspjöll hafi orðið hvað mest á þessum árum, hafa Landmenn ekki alltaf átt sjö dagana sæla þeirra á milli. Hekla gaus 1845 og veitti mönnum þungar búsifjar, og sandfokið hefir aldrei legið niðri. Um það bera bæjaflutningar bezt vitni. Skarfanes hefir a. m. k. staðið á þrem stöðum. Er það löngu flutt úr Skarfanesi forna í Mið-Skarfanes. En 1856 er það flutt úr Mið-Skarfanesi á núverandi stað. Þar hélzt byggð aðeins við til 1869. Þá er það aftur flutt í Mið-Skarfanes og er þar fram til 1876. Þá er það enn flutt á núverandi stað og síðan hefir það ekki verið flutt.

Guðmundur í Múla hefir það eftir Jóni Hreiðarssyni, sem fæddur er í Landsveit ofanverðri (sennilega á Galtalæk) árið 1818, að hann hafi munað eina samfellda skógarbreiðu milli Þjórsár og Rangár að undanteknum tveim sandgeirum. er teygðu sig fram í skóginn sitt hvoru megin við Skarðstanga. Skógurinn náði frá Þjórsá sunnan og vestan við Búrfell fram á Merkurbrún. Eigi gat Jón þess, hve sandgárarnir hafi verið stórir. Þá var gert til kola í skógum þessum úr öllum sveitum milli Rangár og Þjórsár, og var talið sjálfsagt að ganga á skóginn næst sandinum, til þess að hafa not af honum áður en hann hefði í sand.

Ólafur Sigurðsson í Húsagarði, sem fæddur er 1846 og dáinn 1933, fór í skóg í þessa mörk sunnanverða með föður sínum um 1860. Þá varð hann að gæta sín að missa ekki sjónar af föður sínum og hestunum, því að hann hefði villzt að öðrum kosti. Svo var þykni skógarins mikið, en þessi staður mun hafa verið meir en miðja vegu austur frá Skarfanesi að Galtalæk. Nú er þarna örfoka land, aðeins sandur og hraun, og svo hefir verið um langt skeið, en fyrir miðja síðustu öld var skógur svo hár á þessum slóðum, að hvergi sá til fjalla.

Samkvæmt frásögn Eyjólfis í Hvammi átti sú jörð skóg




Úr Slútnesi.

K. Ó. B.

austur og örlítið norður af Ósgröf. Vestan við Hvammsskóg var Bóndhóll, sem var þakinn góðum skógi í minni Eyjólfs. Þó voru tveir sandgárar beggja megin við Bóndhólinn. Bóndhóll blés upp í miklu veðri á þorranum árið 1882 (Fönix-veðrið).

Um mestallt Merkurhraun hafði verið lágvaxinn kjarrskógur samkvæmt frásögn Eyjólfs, en hann hafði verið þrautbeittur af ábúendum Merkur. Sú jörð fór í eyði 1897, en 1882 mun hún hafa skemmst ákaflega, svo sem frásögn Finnboga í Skarfanesi ber með sér.

Finnbogi Höskuldsson er nú rúmlega sjötíu vetra og



Uppdráttur af Landsveit.

hefir hann alið mestallan aldur sinn í Landsveit. Hefir hann hripað niður fyrir mig það, sem hann í fljótu bragði mundi um landskemmdir, og fer það hér á eftir með hans eigin orðalagi. Finnboga farast orð á þessa leið:

„Vegna vöntunar á jarðnæði reistu foreldrar mínir nýbylí milli lækja fyrir vestan Mörk árið 1865, en vegna slæmra afkomuskilyrða þar notuðu þau tækifærið, þegar hálfur Klofinn losnaði 1868, og fóru að búa þar, og var það talin sæmileg jörð, enda lítið farin að skemmast af sandfold þá. Ég man fyrst eftir landslagi og umhverfi eftir að ég varð 5 ára, t. d. man ég eftir læk, sem rann alla leið ofan frá Leyni fyrir austan Mörk austan undir Baðsheiðinni; vatnsmagnið var lítið efst, en uppsprettur mættust við á leiðinni, sem gerðu lækinn stærri, þegar hann var kominn á móts við bæinn. Þar rann hann gegnum bratta stórgrýtisurð undir steinboga. Þar hlupum við krakkarnir þurrum fótum yfir og heyrðum varla til hvers annars fyrir vatnsnið. Ég þekki enn grjóthólinn, þar sem steinboginn var. Nokkuð ofar með læknum vestur frá svokölluðum Brandhól var stekkatúnið, þar var stíað af og fært frá. Þarna var, vestan lækjarins, að mig minnir, að mestu leyti grasi gróið hraun, og austan við Baðsheiðarhólinn við suðurenda heiðarinnar var mýrlent svæði. Þangað voru hrossin flutt á haga.

Í norðaustur frá bænum voru grasi grónar flatir, „Völlurinn“, og var þá farið að byrja að tálga af honum að vestan, og voru þar kallaðar „Moldir“, sem náðu vestur undir lækinn; einnig voru moldir á austurjaðri vallarins. Lengra inn með þeim jaðri tóku við Nortumelar, langur hryggur, sem náði alla leið að Merkurlandamerkjum. Á þessum melum óx eingöngu gulvíðir og var sleginn, og var hann vanalega nefndur „rauðalauf“. Mun sá sláttur hafa átt nokkurn þátt í uppblæstri vallarins. Á norðvesturjaðrinum voru Kjóamelar, náðu



Birki að kefja í sand í Dimmuborgum.

K. Ó. B.

þeir styttra fram, en jafnlangt norður, einnig með gulfvíðis gróðri. Milli melanna var slakki, vaxinn grasi og gulfvíði. En sandfoksskemmdir munu hafa orðið stórstígastar á búskapartíma föður míns í Klofa á árunum 1877 og 1878, því vegna þess flutti hann bæinn Klofa þangað, sem hann var síðast, vorið 1879. Það sumar spratt þó vel túnið í Gamla-Klefa. Ég man sérstaklega eftir því, af því að það var í sambandi við starf mitt; ég var þá á níunda árinu. Frá þessum tíma var lítil eyðing af sandfoki til vorsins 1882, en það er mér í fersku minni, því að þá misstu foreldrar mínir aleigu sína; komu

okkur eldri krökkunum fyrir sem matvinnungum, ert urðu allslaus að flýja burt frá jörðinni.

Ég mun hafa verið 6-7 ára, þegar ég í fyrsta sinn fékk að fylgja lömbum um fráfarur, þegar þau voru rekin til fjalls, og af því að það var nýjung fyrir mig að sjá skóg, þá er mér það minnisstætt, að leiðin lá um skógarkjarr fyrir ofan túnið í Mörk, og fékk ég seinna að vita, að þessi kvos, sem farið var um með lömbin, hétu „Leynirinn“. Þegar ég var orðinn eldri sagði faðir minn mér, - en hann var þarna fæddur og uppalinn, - að lítið hefði þá verið annað eftir af birkileifum þarna í Merkurlandi en kjarrið í Leyninum, en aftur á móti mikið af gulvíði og grávíði víðs vegar á óblásnum mosavallendisskákum, sem þó hefðu verið að smámjókka, og sandgeilarnar, sem höfðu rutt sér braut í gegnum þær, hefðu sérstaklega í hörðu vorunum hefлаð af þeim drjúga sneið.

Miðja vega frá Skarfanesi að Galtalæk sést rétt fyrir ofan götuna grasi gróinn hóll. Það er rúst af beitarhúsi, sem afi minn, Jón Finnbogason, notaði á búskaparárum sínum í Mörk; sem mun hafa verið fram undir 1860. Þetta er góð sönnun þess, að fram yfir miðja öldina hefir verið graslendi og kvistur þarna víðs vegar inn frá, því ekki hefði svo hygginn bóndi haft sauði sína svona langt frá bæ, ef ekki hefðu verið þarna nokkurn veginn örugg útigönguskilyrði. Eftir daga afa míns bjó í Mörk Jón Gíslason hreppstjóri og Ragnhildur föðursystir mín, en fluttu þaðan fellisvorið 1882 að Minna-Hofi í Gnúpverja hreppi. Í Mörk bjuggu þau alltaf blómabúi, sem er sönnun þess, að jörðin hefir verið í góðu gildi og mikið óblásin allt fram að fellisvorinu, enda munu blöðkuslægjur snemma hafa farið að bæta upp það, sem uppblásturinn eyddi af graslendi. Næsti og síðasti ábúandi í Mörk var Sæmundur Arnbjarnarson til 1897. Það mun hafa verið einna mest sandfoks-tímabil í mínu minni. Það fennti, stundum upp á miðja hurð, svo moka varð frá sandin-



Gilbarmur við Skaftafell í Öræfum.

K. Ó. B.

um. Samt sló hann alltaf meira hluta túnsins, og hafði auk þess nóg úrval af góðum blöðkuslægjum, enda flúði hann ekki sandinn. Þau hjón voru orðin útslitin, en barnlaus, og höfðu síðast ekkert hjú, og treystust ekki til að vera lengur. Á þessu tímabili kafnaði uppspretta bæjarlækjarins, en eftir 1920, þegar hraunið var orðið örfoka og sandfok hætti í Mörk, þá brauzt lækurinn upp úr sinni gömlu uppsprettu, túnið greri upp og gaf mikið af sér í sumum árum, án varnar og girðinga.

Frá því að ég man fyrst eftir mér, bjó bóndi í Skarðseli, er Erlendur hét. Hann flutti sig þaðan að Ketilsstöð-

um í Holtum vorið 1882, en skildi við Skarðssel á þann hátt, að ein rúmlengd af skarsúðar-baðstofu með glugga í norðurgafhlaði og opinn suðurendi stóð eftir, og taldi hann það jarðarhús. Mun jörðin ekki hafa verið tekin út af honum, enda enginn viðtakandi. Því var það víst ekki fyrr en eftir fullan mánuð, að foreldrar mínir fengu leyfi jarðareiganda til að flytja sig í þennan opna baðstofupart, sem þau svo hlóðu upp í opið á með grjóti og torfi. Það liggur í augum uppi, hvernig lífskjörin hafa þá verið. Ég tek foreldra mína hér aðeins til dæmis, en það voru víst margir í Landsveit, sem þá höfðu álíka sögu að segja, og augljósasta sönnun þeirrar sögu er flóttinn frá jörðunum, sem hafa verið í eyði síðan, og enn í dag hefir ekki tekizt að gera byggilegar, þrátt fyrir allan þann kostnað, sem í sumar þeirra hefir verið lagður. Í næstu sveitum, t. d. vestan við Þjórsá, var ekki um að ræða nærri eins mikinn fénaðarfelli og alls engan flóttu frá jörðum. Þar sem veðurfarið er þó alltaf mjög líkt, þá verður að líta svo á, að uppblástur og sandfok hafi verið aðalorsök skepnufellisins og eyðingar jarðanna í Landsveit, uppblástur, sem í fleiri tugi ára var búinn að smámjætla af þessum blómlegu býlum. En við þetta mikla vorkast 1882 - sem ekki hefir átt sinn líka síðan - fékk uppblásturinn aukinn vind í seglin og hafði áminnztar afleiðingar í för með sér.

Bærinn Skarðssel stóð fyrir norðan hálsinn, sem gengur norður úr Skarðsfjalli í suðurenda Bæjarness, þar til faðir minn flutti hann á árunum 1893-94 út að Þjórsá. Þar var minni hættu á sandfoki eða vatnsskorti, sem hvorutveggja gerði bæjarflutninginn óhjákvæmilegan. Ég fór til foreldra minna að Skarðsseli árið 1888 og var þá vatnslindin komin undir þykkann sandskafl. Varð að sækja vatnið 500 metra vegalengd í svonefnda Litlulæki, en þær uppsprettur voru einnig kafnaðar undir sandi 1892, enda voru þær í kvos í skóli. Rústir af fjárhúsum eftir nefndan Erlend, og sem í hans tíð stóðu á

gróna landinu, má sjá á moldunum fyrir austan gamla bæinn, og má af því sjá, hvað mikið hefir blásið upp þarna síðan. Grænaflöt, sem voru slægjur frá Skarðsseli í búskapartíð föður míns, var slegin upp á móts við Selsgilskjafi og upp að Grenshálsi, og má af því sjá, hvað mikið hefir eyðst þarna síðan. Einnig var þá óblásið beitiland með miklum gráviðisflesjum vestan undir Nónhálsi og í Húshólsklifi og loðnar brekkur suðvestan í Húshól. Lýsing þessi er frá tímabilinu 1890-1893.

Þegar ég kom að Skarfanesi vorið 1898 var skógurinn í slæmu ásigkomulagi. Sá vetur, 1897-1898, var um langan tíma eftir það nefndur „snjóaveturinn mikli“, enda tók alveg fyrir síðustu hagana, sem litlir voru áður, að afliðandi nýári. Upp frá því skiptist á fram í marz snjócoma og blotar, og komu fyrstu hólmarnir upp úr jöklinum eftir miðjan apríl. Af þessum löngu jarðbönnum leiddi, að fé bóndans, sem bjó þar á undan mér, varð að lifa að miklu leyti á viðnum. Þar sem það vegna snjóþyngslanna gat ekki komizt nema á nokkurn hluta skógarans, þá varð sá hluti, sem féð gekk um, ólíklegur til að blómga framur. Allar greinar voru gersamlega smurðar ofan af stofninum og sums staðar nagaður börkurinn. Með því að ég gaf fénu alltaf hey með viðnum, þá greru þessi skógarsár með tíð og tíma.

Það mun hafa verið á fyrsta tug aldarinnar, ég man ekki hvaða ár það var, að Einar Helgason kom að Skarfanesi og mældi nokkrar hæstu hríslurnar í Lambhaga - en svo nefnist skógurinn ofan við Skarfanes - og sagði hann mér, að hæð þeirra væri mest 4 álnir. Væri fróðlegt, ef lengstu trén væru mæld aftur nú. Skógurinn umhverfis húsin og fyrir sunnan þau var hvergi hærri en 1 meter, þegar beitarhúsin voru lögð niður 1926, en nú geri ég ráð fyrir, að hæðin sé orðin 3 metrar, en það hefir ekki verið mælt. Skógurinn á Sýkiskrók er einnig á góðum framfaravegi. Aftur á móti virðast skógarblettirnir í Miðtangahólum og á Bjarna-

mosum standa að mestu leyti í stað. Á Hrossatanga og Grentanga hafa myndast nokkrir runnar síðan uppblásturinn hætti og gróðurinn færðist suður í hraunið. Víðsvegar, bæði í moldum og í bökkum Þjórsár, má sjá ljós merki þess, að skógarnir í fornöld hafa verið miklu stórvaxnari en nú, t. d. fyrir austan Bóndhól sá ég fyrir nokkrum árum leifar af trjám, sem hæglega mátti sjá að verið höfðu 7-8 þuml. í þvermál, og sams konar gildleiki var í tré, sem kom út úr bakka, sem fallið hafði niður; það hélt sér svo vel, að ég gat borið það upp á bakkann. og var aðalrótin alveg heil. Rétt fyrir ofan rötina sást greinilega að höggvið hafði verið inn í það, en þó tæplega inn í miðju. Datt mér þá í hug eitthvað á þessa leið: Skildi nú þetta hafa verið síðasta tréð, sem höggmaðurinn gafst upp við eftir að hafa eytt öllum hinum, sem auðveldara var að fella.

Skógurinn er nú alltaf að teygja sig suður á bóginn, og má orðið sjá birkiplönturnar alla leið suður fyrir Sýki“.

Þannig hljóðar lýsing Finnboga Höskuldssonar á landskemmdum í Landsveit um hans daga. Af þeim þrem bæjum, sem lýsing hans nær til, eru þrjár í eyði, þeir Klofi, Mörk og Skarðssel, og Skarfanes væri ef til vill líka farið á sama veg hefði það ekki verið varið með girðingum. Af öðrum bæjum, sem farið hafa í eyði á þessum slóðum, má nefna Merkihol, Skógarkot, Ósgröf, Yrjur og Eskiholt. Eru þetta samanlagt 8 býli. Mestallt land allra þessara jarða, nema Yrja, er uppblásið og þar eru nú örfoka melar og hraun, sem áður voru skógar og grænar grundir.

Á síðari árum hefir Sandgræðslan tekið allstór lönd á þessum slóðum, girt þau og friðað, sáð í þau melgresi og grætt þau upp. Þannig er mikið af landi Klofa og Merkur sem óðast að gróa að nýju og miklar girðingar og sandvarnir hafa bjargað Galtlæk frá eyðingu. Næsta skref til að gera ofanverða Landsveitina byggilega á ný, verður friðun landsins milli Þjórsár og Rangár innan við Galtalæk og Mörk. Því verki þarf að hrinda í framkvæmd hið fyrsta.

Smávegis.

Bastarðar trjátegunda eru oft miklu harðgerðari og harðvaxnari heldur en hvort foreldranna um sig. Þannig er gráösp, sem talin er bastarður blæspar og silfuraspar, langtum harðvaxnari og jafnvel stórvaxnari en foreldrarnir. Þingvíðir er bastarður tveggja víðitegunda, og er hann einnig talinn harðgerðari en foreldrarnir. Menn þekkja mörg önnur dæmi þessa, en þessi eru nærtækust.

Fyrir nokkrum árum lét danskur skógræktarmaður, dr. Syrach-Larsen, hvítgreni og sitkagreni æxlast saman. Virðist afkvæmi þessara trjáa harðgerðara og öllu örara í vexti en foreldrarnir.

Tilraun dr. Syrach-Larsen er allmerkileg og ekki hvað sízt fyrir oss Íslendinga, því að á þennan hátt mætti ef til vill fá ágæta viðu til að vaxa hér.

Sitkagrenið vex í eyjaloftslagi langt norður í Alaska, en hvítgrenið í meginlandsloftslagi nokkuð ofan við strendur Alaska. Þeir þáð mjög harða vetur, en þarf stutt og hlý sumur. Afkvæmi slíkra trjáa mundi sennilega kunna vel við sig hér, en foreldra þess þyrfti að velja með mestu nákvæmni.

Fram til skamms tíma hafa aðallega verið taldar þrjár tegundir birkis um Mið- og Norður-Evrópu. Eru það *Betula verrucosa* eða Mið-Evrópubjörkin, *Betula pubescens* eða ilmbjörkin og *Betula nana*, fjalldrapinn. Að vísu hafa menn talið *Betula tortuosa*, fjallbjörk, sem afbrigði ilmbjarkar.

Þessi skýrgreining virðist ekki standa óhögguð lengur

og hefir sænskur vísindamaður, J. G. Gunnarsson, greint bjarkarættina í 6 mismunandi ættir. Hefir hann fært allgóð rök fyrir sínu máli og líkur eru miklar til þess, að hann hafi á réttu að standa.

Samkvæmt skýringu hans eru tegundir bjarkarinnar þessar: *Betula verrucosa*, *B. concinna*, *B. coriacea*, *B. pubescens*, *B. tortuosa* og *B. nana*. Allar þessar tegundir æxlast mjög greiðlega innbyrðis að dómi Gunnarssons, og því er oft erfitt að finna hreinar tegundir.

Hér á landi er enginn vafi á, að um margar bjarkartegundir er að ræða eða bjarkarafbrigði, ef menn halda dauðahaldi í gömlu skýrgreininguna. Til dæmis er mestöll björk á Vestfjörðum greinilega *Betula tortuosa*, en hún er oftast lágur runni með stuttum árssprotum og litlum, tenntum blöðum. *Betula pubescens* er aðaltréð í hávaxnari skógum, svo sem á Vöglum, Hallormsstað, Þórsmörk og víðar. *Betula verrucosa* á ekki að vaxa hér, en allar líkur eru til að til séu bastarðar milli hennar og *B. pubescens* bæði á Þórsmörk og í Bæjarstaðarskógi. Í Bæjarstað stendur tré eitt nokkuð út af fyrir sig, sem er gjörólíkt öðrum trjám hvað blaðlögum og stærð rekla viðvíkur. Virðist þetta tré vera *Betula concinna* samkvæmt skýringu Gunnarssons. Orðið *concinna* þýðir snotur, fínleg. En vel má og vera, að þetta tré sé bastarður *B. concinna* og *B. pubescens*, en hvað sem því líður, þá er hér um mjög einkennilega björk að ræða. Tréð er margstofna, um 6-7 m á hæð. Börkurinn er sléttur og dökkgrár. Virðist ekki flagna af. Blöðin eru ílöng upp í 5 sm á lengd. Reklarnir eru um 5 sm á lengd og eru það langtum lengri reklar en á nokkurri annari björk. S.l. haust var tekið nokkuð af fræi af þessu tré til þess að vita hvernig afkvæmin verða. Næstu ár munu sýna, hvort hér sé um nýja bjarkartegund að ræða eða bjarkarbastarð.

Nokkrir skógræktarsjóðir hafa bætzt við árið 1940. Meðal þeirra má nefna sjóð þann, er Vigfús Guðmunds-

son gestgjafi stofnaði til minningar um dætur sínar látnar. Stofnfé var kr. 5000,00. Ennfremur sjóði þá, sem Hjalti Jónsson stofnaði og getið er annars staðar hér í ritinu. Kunnugt er einnig um nokkrar fyrirhugaðar sjóðsstofnanir. Sjóðanna verður nánar getið síðar.

Samkvæmt Dansk Skovforenings Tidsskrift frá því í desember 1940, hefir landbúnaðarmálaráðherra Dana, Bording, farið þess á leit við Ríkisdaginn, að honum væri veitt heimild til þess að kaupa eða taka eignarnámi allt að 5000 hektörum heiðalanda, sanda og óræktaðra landa til þess að græða á skóg.

Í greinargerð er á það bent, að skógræðsla á slíkum löndum gefi lítinn arð. Þess vegna er eigi hægt að vænta þess, að einstaklingar ráðist í slík fyrirtæki. Hins vegar séu hinar óbeinu nytjar svo mikils virði frá sjónarmiði þjóðfélagsins, að eigi sé hægt að skella skollaeyrunum við þessu. Er sérstaklega bent á, að reynslan hafi sýnt, að byggingar og ræktun fylgi ávallt í kjölfar skógræktar, og því verði það framtíðarnytjarnar, sem greiði fyrirhöfnina og kostnaðinn af þessu verki. Svo er og bent á, að landsbúum sé mesta nauðsyn á því víða, að eignast staði, þar sem þeir geti hafst við úti í tæru lofti. Ennfremur á að vinna að gróðursetningu á löndum þessum í atvinnubótavinnu.

Flestallar vörubifreiðar og þær einkabifreiðar, sem í gangi eru á meginlandi Evrópu, ganga nú ýmist fyrir viðarkolum eða viði. Í tímaritum um skógrækt, sem hingað hafa borizt upp á síðkastið, en þau eru fá og strjál, er vart rætt meira um annað, en hvernig heppilegast sé að fara með viðinn til þessarar notkunar. Sparsemin er orðin svo mikil, að menn hafa lagt til að kljúfa og klippa allan við til þessarar notkunar, því að sé sög notuð við að kubba viðinn verði alltof mikill úrgangur, sem fari til einskis.

M. Júl. Magnús:

